FRÉTTABLAÐIÐ

73. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 27. MARS 2018



Utanríkisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, hefur staðið í ströngu undanfarna daga í viðræðum við samstarfsþjóðir okkar. Afráðið var í gær að Ísland tæki þátt í samræmdum aðgerðum vestrænna þjóða sem beinast gegn Rússum vegna eiturárásar þeirra í Salisbury. Tvíhliða viðræðum við Rússa verður slegið á frest og ráðamenn fara ekki á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Sluppu undan rannsókn vegna anna

**Þrjú sjávarútvegsfyrirtæki, Samherji, Síldarvinnslan og Gjögur, voru til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu vegna gruns um samkeppnishamlandi samráð. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins var hætt vegna anna við skoðun á samrunum annarra fyrirtækja.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Samkeppniseftirlitið hætti rannsókn á samkeppnishamlandi samráði Samherja, Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og Gjögurs án efnislegrar niðurstöðu vegna anna í öðrum verkefnum. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir stofnunina þurfa að forgangsraða.

Þann 22. apríl 2013 gaf Samkeppniseftirlitið út ákvörðun um að Síldarvinnslunni væri heimilt að kaupa útgerðarfyrirtækið Berg-Hugin. Stærstu eigendur Síldarvinnslunnar voru annars vegar Samherji hf. og hins vegar Gjögur hf. Bæði fyrirtækin áttu fulltrúa í stjórn Síldarvinnslunnar en hvorugt fyrirtækjanna á meirihluta hlutafjár í Síldarvinnslunni. Í ljósi þessa eignarhalds ákvað Samkeppniseftirlitið að víkka út rannsóknina á samrunanum og leggja mat á hvort Samherji hefði yfirráð yfir Síldarvinnslunni. Saman hafa þessi fyrirtæki meiri aflahlutdeild en lög um stjórn fiskveiða heimila.

„Samkeppniseftirlitið hefur lokið viðkomandi rannsókn án efnislegrar niðurstöðu. Ástæðu þessara málalykta má rekja til mikilla anna við rannsókn samrunamála síðustu misseri, en vegna lögbundinna tímafresta í samrunamálum verður eftirlitið ávallt að forgangsraða slíkum málum,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, í skriflegu svari. „Leiddi þessi staða til verulegra tafa við meðferð málsins sem þú spyrð um og var fyrirsjáanlegt að frekari tafir yrðu. Því var ákveðið að ljúka málinu á þessu stigi án efnislegrar niðurstöðu.“

Síldarvinnslan, Samherji og Gjögur eru keppinautar í skilningi samkeppnislaga. Hins vegar unnu þessi fyrirtæki nokkuð náið saman í útgerð, fiskvinnslu og í sölu afurða. Á þeim forsendum taldi Samkeppniseftirlitið á þessum tíma, í apríl 2013, það vera „óhjákvæmilegt“ að hefja nýtt stjórnsýslumál og skoða hvort Síldarvinnslan, Samherji og Gjögur hefðu brotið gegn banni samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samráði.

Nú, fimm árum síðar, hefur eftirlitið hætt rannsókn á þessum meintu ólögmætu tilburðum fyrirtækjanna, vegna þess að önnur mál voru á undan í forgangsröðinni. **– sa**

## Sam Smith fann fyrir stuðningi íslenskrar stelpu

**LÍFIÐ** Sam Smith þakkaði áhorfendum á tónleikum í Glasgow fyrir helgi og beindi orðum sínum að tónleikagestum frá Íslandi. „Stelpan á myndinni heillaði mig gjörsamlega. Þú þekktir hvert einasta orð og ég fann fyrir ást þinni og stuðningi alla tónleikana. Ég elska þig, hver sem þú ert.“



Stúlkan, Ingibjörg Jóna Guðrúnardóttir, segir símann varla hafa stoppað síðan. **– bb /** **sjá síðu 34**

## Forstjóri OR fær launahækkun

**KJARAMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í síðasta mánuði að hækka laun Bjarna Bjarnasonar, forstjóra fyrirtækisins, um 6,9 prósent. Eftir hækkunina munu heildarlaun Bjarna nema rétt tæpum þremur milljónum króna á mánuði. Starfskjaranefnd OR lagði til að grunnlaun Bjarna yrðu hækkuð úr rúmum 2,2 milljónum króna á mánuði í tæpar 2,4 milljónir.

Bjarni fær síðan 132 þúsund krónur greiddar í reiknuð bifreiðahlunnindi í ofanálag sem og tæpa hálfa milljón króna á mánuði fyrir að sinna stjórnarformennsku í tveimur dótturfélögum OR, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur, en greiðslur fyrir stjórnarformennskuna hafa líka hækkað frá árinu áður. **– smj /** **sjá síðu 6**

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Skólakerfið er að molna á vakt sveitarfélaganna, skrifar Guðjón Ragnar Jónasson. 18

**SPORT** Endurkoma Helenu Sverrisdóttur hefur gjörbreytt liði Hauka í körfubolta. 22

**MENNING** Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verður haldin í tuttugasta og fyrsta sinn. 30

**LÍFIÐ** Virgil Abloh hefur verið ráðinn listrænn stjórnandi herralínu Louis Vuitton. Hann er ekkert menntaður í tísku. 38

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MALBIK**






## Veður




Austan 8-18 m/s í dag, hvassast með suðurströndinni. Él á Suðaustur- og Austurlandi, en þurrt að kalla norðan til á landinu. Rigning eða slydda suðvestanlands, þar styttir upp seinni partinn. SJÁ SÍÐU 26

# Stjórn og stjóri RÚV hækkuðu

**STJÓRNSÝSLA** Rekstrarhagnaður RÚV af samkeppnisrekstri nam rúmlega 1,8 milljörðum króna í fyrra og jókst um rúmar 70 milljónir milli ára. Rekstrartap af fjölmiðli í almannaþágu var rúmur milljarður en hafði verið tæplega 1,2 milljarðar árið á undan. Þetta er meðal þess sem kemur fram í ársreikningi RÚV sem birtur var í gær.

Þar kemur einnig fram að laun útvarpsstjóra hafi hækkað um 33 prósent milli ára, úr 17,2 milljónum á ári í 22,9 milljónir, og að þóknanir til stjórnarmanna hafi hækkað um 20 prósent.

Framlög ríkisins til stofnunarinnar námu rúmlega 4,1 milljarði og jukust þau um 312 milljónir milli ára í samræmi við hækkun útvarpsgjalds. Rekstrarafgangur stofnunarinnar nam 201 milljón króna. Er þetta þriðja árið í röð sem RÚV skilar hagnaði. Þá á eftir að telja til uppgjör á hagnaði vegna sölu á byggingarrétti sem nam alls 174 milljónum króna. Fyrir skatta er rekstrarafkoman því jákvæð um 321 milljón króna.

Skuldir nema alls tæpum 3,3 milljörðum króna og lækkuðu þær um rúmlega 250 milljónir á milli ára. Áætlað er að á næstu fimm árum muni RÚV verja um 1,6 milljörðum í endurgreiðslu skulda.



„Jákvæð niðurstaða ársins 2017 er sérstaklega ánægjuleg vegna þess að þetta er þriðja rekstrarárið í röð þar sem RÚV skilar hallalausum rekstri eftir umbótaferli, skipulagsbreytingar og markvisst hagræðingastarf frá árinu 2014 í kjölfar lækkunar útvarpsgjalds,“ segir Magnús Geir Eyjólfsson, útvarpsstjóri. – **jóe**

# Úrslit úr prófkjöri Pírata kynnt




**Prófkjöri Pírata í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi lauk í gær. Hér stilla sér upp frambjóðendur í Reykjavík, þau Rannveig Ernudóttir, Valgerður Árnadóttir, Bergþór H. Þórðarson, Alexandra Briem, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti listans.** FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rukkað á salerni í Mjódd

**SAMFÉLAG** Almenningssalerni í Mjódd voru opnuð á nýjan leik fyrir helgi en þau hafa verið lokuð í nokkur ár. Búið er að koma upp búnaði til að taka við greiðslu frá frá gestum og gangandi. Um fjórar milljónir farþega fara árlega um skiptistöðina, þar á meðal farþegar sem fara með vögnum Strætó út á land. Tvö hundruð krónur kostar að nota salernin og bæði er hægt að greiða með reiðufé og greiðslukortum.

Um rekstur salernisins sér einkahlutafélagið Sannir landvættir sem er í eigu Verkís og Bergrisa. „Sannir landvættir bjóða upp á fjármögnun, hönnun og framkvæmd við uppbyggingu ferðamannastaða. Markmiðið með stofnun félagsins er stuðla að uppbyggingu á ferðamannastöðum um land allt í samvinnu við landeigendur, sveitarfélög og ríki,“ segir í tilkynningu á vef Verkís. – **gbs**






# Tölvurnar að þurrka út sýningarstjórana

**Stafrænar tækniframfarir á sýningum bíómynda hafa á síðustu árum nánast gert út af við hið lögverndaða starf sýningarstjóra í kvikmyndahúsum. Formaður Félags sýningarstjóra segir félagsmönnum hafa fækkað og tölvurnar tekið yfir.**

**MANNLÍF** „Breytingarnar hafa orðið svo miklar núna. Tölvurnar hafa tekið alveg yfir á svo stuttum tíma,“ segir Einar Ágúst Kristinsson, formaður Félags sýningarstjóra við kvikmyndahús. Sýningarstjórar í kvikmyndahúsum eru deyjandi stétt á stafrænni öld og verið nokkuð um uppsagnir og fækkun á sýningarstjórum bíóanna undanfarin misseri, nú síðast um áramótin, til að mæta breyttum tímum og tækni.

„Þetta er allt orðið tölvustýrt. Við getum bara stjórnað þessu úti í bæ. Það eru engar filmur í gangi í dag,“ segir Einar Ágúst sem er einn af nokkrum síðustu sýningarstjórum landsins eftir að stafrænar myndir hófu innreið sína fyrir alvöru fyrir um fjórum til fimm árum. Þótt sýningarstjórum hafi fækkað eru þeir ekki með öllu horfnir. En verkefni þeirra hafa breyst.

„Núna verður bara tæknistjóri fyrir bíóhúsið. Hann setur myndina upp í byrjun og svo þarf ekkert að hugsa um þetta meira. Tækniþróunin hefur verið alveg ofboðslega hröð. Ég held að það sé leitun að einhverju sem hefur þróast jafnhratt. Núna er hætt að tala um sýningarvélar, núna fer þetta bara allt í gegnum stóran myndvarpa.“

Þróun undanfarinna ára hefur einnig sett svip sinn á stéttarfélagið sem Einar Ágúst veitir formennsku.

„Við erum um tuttugu sem erum í félaginu. Menn hafa margir farið út í annað en haldið sig þó við félagið. En það hefur snarfækkað síðustu fjögur, fimm árin út af tölvunum.“

Segir Einar Ágúst þetta eiga við um öll bíóin. Nú sé hægt að standa í tækniherbergi í Smárabíói og stýra öllum sölum bæði þar og í Háskólabíói. Í gamla daga hafi þurft fagmenn til að meðhöndla filmurnar þar sem þær hafi meðal annars verið svo eldfimar. Nú sé Bíó Paradís eina bíóið, í það minnsta á höfuðborgarsvæðinu, sem geti sýnt myndir líka á filmu .



**Einar Ágúst Kristinsson, formaður Félags sýningarstjóra við kvikmyndahús.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Gömlu sýningarvélarnar heyra nú sögunni til.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Þetta er allt orðið tölvustýrt. Við getum bara stjórnað þessu úti í bæ. Það eru engar filmur í gangi í dag**
>
> Einar Ágúst Kristinsson

mikael@frettabladid.is


FRÁBÆR TILBOÐ!
40% AFSLÁTTUR
50 LTR.
FULLT VERÐ: 2.995
1.795
50 LÍTRA TOP ROLLER PLASTKASSI
59,3 x 39,3 x 34,2 sm. Vnr. 2046
Koddi 50 x 70 sm.
12.990
nú 9.990
SPARIÐ ALLT AÐ 20.000 AF SÆNGUM
ANDADÚNSÆNG
dannevik by Quilts of Denmark
SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
19.990
GOLD EINSTÖK GÆÐI
DÖNSK GÆÐAVARA
THYRA ANDADÚNSÆNG
Gæðasæng fyllt með 90% af hvítum evrópskum andadúni og 10% af hvítu evrópsku andafiðri. Sérlega vandað, þéttofið áklæði úr 100% jacquardofinni bómull. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Burðargeta 10. Má þvo við 60°C. Glæsileg sængurtaska fylgir. 800 gr. 135 x 200 sm. 39.990 nú 24.990
500 gr. 135 x 200 sm. 34.990 nú 19.990 200 x 220 sm. 59.990 nú 39.990
Vnr. 4111450, 4316204
ALLIR HÆGINDA-STÓLAR 20% AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
90 x 200 sm. 69.950 nú 54.950
120 x 200 sm. 89.950 nú 69.950
140 x 200 sm. 99.950 nú 79.950
160 x 200 sm. 119.950 nú 89.950
183 x 203 sm. 139.950 nú 99.950
ROYAL DREAM DÝNUR SPARIÐ ALLT AÐ 40.000 KRÓNUR
FÆTUR OG BOTN FYLGJA
Royal Dream
MEMORY FOAM
NÚ VERÐ FRÁ:
54.950
Meðalstíf
Memory svampur
Svæða-skipt
Pokagormar
10 ára dýnu Ábyrgð
2 ára áklæði Ábyrgð
Yfirdýna
ROYAL DREAM DÝNA
Góð, miðlungsstíf dýna með 3 þægindasvæðum og 240 pokagormum pr. m². 9 sm. yfirdýna með 5 sm. MEMORY FOAM svampi í efsta lagi.
Vnr. 8880000703, 8880000704, 8880000705, 8880000706
DÝNA
120 X 200 SM.
59.950
FRÁBÆRT FERMINGAR-TILBOÐ 35% AFSLÁTTUR
SÆNG OG KODDI
9.995
høie OF SCANDINAVIA
LAK
4.495
FÆTUR OG BOTN FYLGJA
ALLUR PAKKINN FULLT VERÐ: 77.935
49.950
SÆNGUR-VERASETT AÐ EIGIN VALI AÐ VERÐMÆTI 3.495
SleepWell
SLEEPWELL DÝNA + HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI + AVERY TEYGJULAK + SÆNGURVERASETT AÐ VERÐMÆTI 3.495
Góð, miðlungsstíf dýna í stærð 120 x 200 sm. Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum ásamt kodda. Gott teygjulak úr 100% bómullarsatíni, 120 x 200 sm. Sængurverasett að eigin vali að verðmæti 3.495
140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Vnr. 8880000914, 4117000, 1031-3000, 1031-3001, 127-12-1001
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR 27.03 - 02.04
KRONBORG OF DENMARK
GOLD
30% AFSLÁTTUR
INGEBORG SÆNGUR-VERASETT
100% bómullar-satín. Fæst í hvítu, mintugrænu og gráu. 140 x 200 sm. Lokað með tölum. Vnr. 1248080
FULLT VERÐ: 4.995
3.495

# Aðgerðir Íslendinga gegn Rússum í samræmi við stærð ríkisins

**UTANRÍKISMÁL** Tvíhliða fundum með rússneskum ráðamönnum hefur verið slegið á frest ótímabundið og íslenskir ráðamenn munu ekki ferðast á heimsmeistaramótið í Rússlandi á sumri komanda.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra tilkynnti Anton Vasíljev, sendiherra Rússlands á Íslandi, þessa ákvörðun í gær. Er það gert til að mótmæla eiturárás Rússa í breska bænum Salisbury en árásin beindist gegn Sergei Skrípal, rússneskum gagnnjósnara á eftirlaunum. Áður hafði hann fundað með utanríkismálanefnd þingsins þar sem nefndarmenn voru settir inn í stöðu mála.

Nágranna- og samstarfsríki Íslands tilkynntu í gær hvert á fætur öðru að þau hygðust senda rússneska erindreka úr landi. Meginreglan hefur verið sú að slíkum aðgerðum sé svarað í sömu mynt. Aðeins þrír starfsmenn eru í sendiráði Íslands í Rússlandi og því kom slíkt ekki til greina að sinni enda fjöldi Íslendinga sem stefnir að því að ferðast til landsins í sumar. Fækkun í starfsliðinu hefði farið langt með að lama starfsemina.

„Ráðherra fór yfir stöðu mála og samráðið sem hann hefur átt við aðrar þjóðir út af málinu,“ segir Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, en hún sat fundinn sem varamaður Smára McCarthy.

„Ráðherra gerði skilmerkilega grein fyrir stöðu mála og okkar viðbrögð verða í samræmi við stærð okkar. Það er ánægjulegt að Ísland sé að taka þátt í samræmdum aðgerðum vestrænna þjóða gegn atviki sem allt bendir til að Rússar hafi staðið að,“ segir Þórhildur.

„Ég fagna yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands. Mér er ljóst að þetta er ekki auðveld ákvörðun. En hún sýnir svo ekki verður um villst þá samstöðu sem Ísland sýnir viðleitni þjóða heims til að standa vörð um alþjóðalög og láta Rússa ekki komast upp með að kljúfa alþjóðasamfélagið,“ segir Michael Nevin, sendiherra Breta á Íslandi. – jóe

## Vilja tilgreina tryggingargjald á launaseðlum

**ATVINNULÍF** Tryggingagjald er nú tilgreint á launaseðlum starfsmanna Samtaka atvinnulífsins (SA) og hvetja samtökin fyrirtæki í landinu til að gera slíkt hið sama. Í tilkynningu frá SA kemur fram að árið 2017 hafi vinnuveitendur greitt 685.067 krónur í tryggingagjald með hverjum fullvinnandi starfsmanni með áætluð meðalheildarlaun.

Til að setja þetta í samhengi hefur SA líkt þessu við fimmtánda starfsmanninn í 14 manna fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að gjaldið skili 100 milljörðum í ríkissjóð í ár. Gjaldið var hækkað tímabundið í kjölfar efnahagskreppunnar. Í tilkynningu SA kemur fram að forsendur hafi breyst síðan þá og tímabært sé að tryggingagjaldið lækki, það sé mikilvægur liður í að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja. – gbs



**Halldór Benjamín, framkvæmdastjóri SA.**

## Vill breytingar á vegalögum

**ALÞINGI** Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Flokks fólksins, hefur lagt fram frumvarp þess efnis að þjóðferjuleiðum verði bætt við skilgreiningu vegalaga á þjóðvegum. Undir þessa nýju skilgreiningu falla þá ferjuleiðir sem tengja byggðar eyjar við grunnvegakerfi landsins.

Karl Gauti segist hafa lofað því í kosningabaráttunni í október síðastliðnum að frumvarpið yrði lagt fram. „Það ber einnig að athuga að frumvarpið mun ekki aðeins nýtast Vestmannaeyingum heldur einnig íbúum á öðrum byggðum eyjum við landið, það er að segja Grímsey, Hrísey og Flatey.“ – jhh

# Launað vettvangsnám er leið til að fá kennara fyrr til starfa

**Vilji er til þess bæði á meðal Sambands íslenskra sveitarfélaga og háskólanna að breyta kennaranámi. Nemendur á fimmta ári verði í launuðu vettvangsnámi. Hugmyndin byggist á vinnu samstarfshóps sem hefur starfað saman í þrjú ár. Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra ætlar að beita sér í málinu.**

**MENNTUN** „Við erum búin að vera að endurskipuleggja námið. Þetta er ein af þeim hugmyndum sem við höfum rætt,“ segir Jóhanna Einarsdóttir, forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands, um hugmyndir þess efnis að gera fimmta árið í kennaranáminu að vettvangsnámi. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, boðaði slíkar breytingar á Rás 1 í gærmorgun.

Jóhanna segir að hugsunin sé sú að á fimmta ári verði vettvangsnám og skólinn veiti handleiðslu á meðan. Að auki vinni nemendur að lokaritgerð á þeim tíma. Hugsunin er að vettvangsnámið á lokaári verði þá launað.

Jóhanna segir að málið velti á samstarfi margra aðila. „Þetta veltur á okkur, hvernig við skipuleggjum námið. Þetta veltur líka á sveitarfélögunum, hvernig ætla þeir að taka á móti þessu fólki. Hverjir ætla að borga fyrir þetta. Þetta veltur á Kennarasambandinu sem þarf að semja um laun og annað. Svo veltur þetta líka á menntamálaráðuneytinu,“ segir Jóhanna.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að hugmyndir um að taka upp launað starfsnám á fimmta ári byggist á vinnu samstarfshóps ríkis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri sem hafi verið að störfum í þrjú ár. Hann fagnar því hversu ákveðið Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur tekið þessar hugmyndir upp og segir málið vera framfaraskref.



**Útskrifaðir kennarar hafa rætt um það að eftir fimm ára nám hafi þeir ekki fengið mikla þjálfun eða kennslu í því hvernig á að kenna. Launað vettvangsnám væri hugsanlega leið til að bregðast við því.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég hef persónulega ekki áhyggjur af kostnaðinum við þetta.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga



„Við sjáum þetta sem leið til þess að fólk komi fyrr til starfa og það er líka mjög mikilvægt að útskrifaðir kennarar hafa verið að tala um það að eftir fimm ára nám hafa þeir ekkert fengið mikla þjálfun eða kennslu í því hvernig á að kenna. Það hafa verið vonbrigði út af því,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Halldór segist ekki vita hver kostnaðurinn við þessar breytingar yrði, en þetta myndi þýða reglugerðarbreytingu og jafnvel lagabreytingu og þá yrði gert kostnaðarmat samhliða því. „En ég hef persónulega ekki áhyggjur af kostnaðinum við þetta vegna þess að ég held að það sparist eitthvað annað á móti.“

**jonhakon@frettabladid.is**



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

# VEÐURSPÁIN SKIPTIR ENGU MÁLI.

JAGUAR




Nýr Jaguar E-Pace er glæsilegur sportjeppi í millistærð og sá fyrsti sinnar gerðar frá Jaguar. E-Pace sameinar alla skemmtilegustu eiginleika Jaguar í þægilegum bíl sem auðvelt er að stjórna og hagkvæmt að eiga.
Komdu og láttu drauminn um að skoða og reynsluaka Jaguar verða að veruleika.

**jaguarisland.is**

## THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar E-Pace, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. **Verð frá: 5.990.000 kr.**

**JAGUAR**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR




Einstök vellíðunarferð þar sem farþegum gefst kostur á að njóta lífsins á einstaklega fallegum hótelum sem standa við strandlengju Marokkó. Á hótelunum er frábær aðstaða til að næra sál og líkama í fullkominni slökun, dekri og vellíðan - allt eftir því hvað hver og einn kýs.


PARADIS PLAGE


ROYAL ATLAS

Flogið er beint til Agadir í Marokkó og dvalið fyrstu 6 næturnar á Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort og síðustu 5 næturnar á Hotel Royal Atlas Agadir. Á Paradise Plage Surf Yoga & Spa 4* er kjörið að njóta lífsins og alls hins besta sem hótelið hefur uppá að bjóða í mat, drykk og afþreyingu.


JÓGA 14.000/mann


JÓGA & DEKUR 25.000/mann


BRIMBRETTI & JÓGA 25.000/mann


ALLUR PAKKINN 38.000/mann

Á Paradise Plage er boðið upp á jóga, nudd, tyrknesk böð og ýmsar heilsu- og nuddmeðferðir. Fyrir þá sem vilja sörfa en eru óvanir þá er hér í boði brimbrettakennsla. Unnt er að bæta við bókun á ferðinni dásamlegum 5 Daga afþreyingarpökkum: **Jóga** með daglegum 2x75 mín. jógatímum. **Jóga & Dekur** með 5x75 mín. jógatímum, 2 arabískum böðum, 1 kornmaska og 2 nuddtímum 25-50 mín. **Brimbrettaskóli** með 5x90 mín. brimbrettatímum. **Brimbretti & Jóga** með 5x90 mín. brimbrettatímum og 5x75 mín. jógatímum. **Allur pakkinn** með 5x90 mín. brimbrettatímum, 5x75 jógatímum ásamt 1 hammanbaði, 1 gufubaði og 2x25 mín. nuddum.

Síðari hluta ferðarinnar er dvalið á Royal Atlas Agadir 4*+ í Agadir, sem er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Í Agadir er að finna gullna strandlengju eins langt og augað eygir en á þessum fallega stað skín sólin um 300 daga á ári.

**Frá kr. 199.995 m/morgunmat & hálfu fæði skv. ferðalýsingu**
Netverð á mann frá kr. 199.995 m.v. 2 í herbergi.

**Innifalið:** Flug, skattar, gisting í 6 nætur á Hotel Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort 4* m/hálfu fæði og 5 í nætur á Hótel Royal Atlas Agadir 4*+ m/morgunmat. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

ENNEMM / SIA • NM86143 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu


## Mótmælendur sögðu Erdogan einræðisherra




„Evrópa er ekki staður fyrir einræðisherra. Stöðvið soldáninn Erdogan,“ sagði á þessu mótmælaskilti í búlgörsku borginni Varna í gær, þar sem nokkur fjöldi mótmælti fyrir utan fund þar sem fulltrúar Tyrkja hittu fulltrúa Evrópusambandsríkja með það að markmiði að bæta samskiptin þar á milli. NORDICPHOTOS/AFP

# Forstjóri OR fær þrjár milljónir eftir hækkun

**Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á dögunum tillögu starfskjaranefndar um að rétt væri að hækka mánaðarlaun Bjarna Bjarnasonar um 6,9 prósent. Fær tæpa hálfa milljón á mánuði fyrir stjórnarsetu í tveimur dótturfélögum OR.**

**KJARAMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum þann 26. febrúar síðastliðinn tillögu starfskjaranefndar félagsins um að rétt væri að hækka grunnlaun Bjarna Bjarnasonar, forstjóra OR, um 6,9 prósent.

Með hækkuninni fara grunnlaun Bjarna úr 2.220.870 krónum í 2.374.110 krónur og hækka því um rúmar 153 þúsund krónur á mánuði eða rúmar 1,8 milljónir á ári.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í febrúar í fyrra hækkaði stjórn OR líka laun Bjarna þá um 8,6 prósent.

Við það fóru heildarlaun forstjórans í um 2,8 milljónir króna sem skýrist af því að ofan á grunnlaun forstjórans lagðist í fyrra 147 þúsund króna greiðsla á mánuði, eða sem nemur mánaðarlegu skattmati ríkisskattstjóra á hlunnindum þar sem forstjóri nýtur ekki afnota af bifreið í eigu OR. Við það bættust síðan tvisvar sinnum 230 þúsund krónur á mánuði fyrir að gegna stjórnarformennsku í tveimur dótturfélögum OR, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur. Bjarni gegnir enn stjórnarformennsku í þessum dótturfélögum.


Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, fær rúmar 619 þúsund krónur greiddar ofan á grunnlaun sem hafa nú hækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá OR hefur þóknun Bjarna fyrir stjórnarformennskuna hækkað síðan í fyrra og nemur nú 243.836 krónum fyrir hvort félag. Reiknuð bifreiðahlunnindi hafa á móti lækkað og eru nú 132.111 krónur.

Eftir hækkunina nú í febrúar nema heildarlaun forstjóra OR því 2.993.893 krónum á mánuði. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í fyrra þá námu mánaðarlaun forstjóra OR 1.340 þúsund krónum árið 2011 þegar Bjarni tók við forstjórastarfinu og hafa því rúmlega tvöfaldast síðan þá.

Til samanburðar þá nema heildarlaun Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra Reykjavíkur, rúmum tveimur milljónum króna á mánuði að föstum starfskostnaði og þóknun vegna stjórnarformennsku í slökkviliðinu meðtöldum.

Samkvæmt ársreikningi OR nam hagnaður félagsins 16,3 milljörðum króna en um helmingur hagnaðarins er til kominn vegna reiknaðra framtíðartekna af rafmagnssölu sem tengd er álverði. Stærstu eigendur Orkuveitu Reykjavíkur eru Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. mikael@frettabladid.is




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Breskir gyðingar ósáttir við Jeremy Corbyn


Jeremy Corbyn

**BRETLAND** Gyðingar á Bretlandi mótmæltu í gær Jeremy Corbyn, formanni Verkamannaflokksins, og sökuðu hann um að taka ekki á gyðingahatri innan flokksins.

„Hann hefur endurtekið komið fram með fólki sem er augljóslega gyðingahatarar en segist aldrei hafa heyrt ummæli þeirra. Aftur og aftur hefur Jeremy Corbyn staðið með gyðingahöturum frekar en gyðingum,“ sagði í yfirlýsingu frá tvennum samtökum breskra gyðinga í gær.

Formaðurinn svaraði í opnu bréfi þar sem hann viðurkenndi að slíkar raddir heyrðust nú á ný innan flokksins. Baðst hann afsökunar og hét því að gera sitt besta til þess að koma í veg fyrir málflutning sem þennan.

Í síðustu viku var fjallað um að Corbyn hefði árið 2012 sett spurningarmerki við að veggmynd, sem sýndi jakkafataklædda menn með stór nef spila Monopoly, yrði fjarlægð en myndin þótti fordómafull í garð gyðinga. – **þea**

# Framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu ógilt

**HAFNARFJÖRÐUR** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ógilti í gær framkvæmdaleyfi sem Hafnarfjörður gaf út til Landsnets vegna Lyklafellslínu 1. Hraunavinir og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands kærðu veitingu leyfisins. Lagning línunnar hefur verið forsenda þess að hægt sé að fjarlægja Hamraneslínur og flytja Ísallínur. „Úrskurðurinn er áfall fyrir sveitarfélagið og ljóst að áratuga bið eftir því að línurnar hverfi úr Skarðshlíð og Hamranesi styttist ekki við þennan úrskurð,“ segir Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, um málið. Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa sett mikið fé í uppbyggingu á svæðinu ásamt lóðarhöfum en gert er ráð fyrir um 520 íbúðum í Skarðshlíðarhverfinu einu og sér.

Barátta bæjaryfirvalda fyrir því að Hamraneslínur verði fluttar úr byggð hefur staðið lengi yfir. Samningur þess efnis milli Landsnets og Hafnarfjarðar var undirritaður árið 2009. Þá stóð til að flytja Hamraneslínu í þremur áföngum með verklok í síðasta lagi árið 2017. Nýr samningur var undirritaður í upphafi kjörtímabilsins þar sem segir að Hamraneslína skuli rifin fyrir árslok 2018, en úrskurðurinn kemur í veg fyrir það. „Frá því að nýr samningur var undirritaður árið 2015 hafa bæjaryfirvöld barist fyrir því að staðið væri við samninginn og framkvæmdir hæfust,“ segir Haraldur. – **gþs**


**Bæjarstjóri Hafnarfjarðar segir ógildinguna áfall.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


**Ársfundur**
**Vina Vatnajökuls - hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs**

VINIR VATNAJÖKULS

Ársfundur Vina Vatnajökuls verður haldinn, **föstudaginn 13. apríl 2018 kl. 16:00**
**í Dönskustofunni Hverfisgötu 30, 101 Rvk.**
Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.

*Stjórnin*



**Lausnin sem Kópavogsbær býður er að byggja vegg á lóð Þorrasala 9-11 til að skerma íbúana þar af frá ónæði af bílageymslu nágrannanna. Veggurinn er sýndur með rauðu.**

# Hafnar vegg á eigin lóð til að leysa ljósmengun

Formaður húsfélags stendur fast við að hann hafi óskað viðtals við bæjarstjóra Kópavogs vegna deilu um bílageymslu þótt bæjarstjórinn kannist ekki við það. Bærinn bjóði enn óásættanlega lausn í málinu og megi því búast við dómsmáli.

**STJÓRNSÝSLA** Valgeir Jónasson, vélfræðingur og formaður Húsfélagsins í Þorrasölum 9-11, hafnar fullyrðingu Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarstjóra í Kópavogi, um að Valgeir hafi ekki óskað eftir samtali við hann.

Í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag sagði Valgeir að Ármann bæjarstjóri svaraði ekki skilaboðum og vildi ekki ræða við íbúana í Þorrasölum 9-11 eftir að þeir unnu kærumál vegna leyfis sem bærinn gaf fyrir breyttri aðkomu að bílageymslu nágrannablokkar. Því hafnaði bæjarstjórinn í Fréttablaðinu daginn eftir. „Mér hafa hvorki borist skilaboð né beiðni um fund frá húsfélaginu,“ sagði Ármann.

Þetta segir Valgeir ekki rétt. „Ég hafði samband við Kópavogsbæ viku áður en greinin kom í Fréttablaðið og bað um að bæjarstjóri hefði samband við mig en ég fékk bara samband við ritara hans og ætlaði hún að koma skilaboðum til bæjarstjóra,“ fullyrðir Valgeir.

Húsfélagsformaðurinn segist í þessu samtali við ritarann hafa gefið bæjarstjóranum vikufrest áður en hann færi með málið í fjölmiðla. „Og ætlaði hún að koma skilaboðum til bæjarstjóra, en hann hefur ekki viljað vera að ómaka sig fyrir íbúa bæjarins sem greiða honum laun fyrir að sinna störfum bæjarfélagsins.“

> **Ef þeir ætla ekkert að fara eftir úrskurðinum er ekkert fyrir okkur annað að gera en að fara með þetta í dómsmál.**

Valgeir Jónasson, formaður Húsfélagsins í Þorrasölum 9-11



Þá segir Valgeir að eftir að fréttin hafi birst á miðvikudag hafi bærinn sent tillögu til lausnar málinu. „Þetta er nákvæmlega sama plaggið og Kópavogsbær bauð árið 2016,“ segir hann. Tillagan er um að reistur verði veggur til að skerma af ljósgeisla og hljóð frá innkeyrslunni í bílageymslu nágrannana. „Við höfnum alfarið því sem Kópavogsbær er að bjóða sem er að fara inn á lóð okkar og byggja vegg þar.“

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ógilti í september í fyrra leyfi sem Kópavogsbær gaf fyrir því að umrædd innkeyrsla í bílageymslu Þorrasala 13-15 sneri að Þorrasölum 9-11 í stað þess að vísa að götunni sjálfri.

„Nú verður Kópavogsbær að fara að hysja upp um sig buxurnar og hlýða þessum úrskurði. Ef þeir ætla ekkert að fara eftir úrskurðinum er ekkert fyrir okkur annað að gera en að fara með þetta í dómsmál – og fer það þá þangað nú um næstu mánaðamót,“ segir formaður Húsfélagsins í Þorrasölum 9-11 og ítrekar ósk sína um samtal við bæjarstjóra sem hann kveður ekki enn hafa svarað skilaboðum. **gar@frettabladid.is**


kosangas

KOSAN SMELLUGAS
Einfalt, fljótlegt og öruggt



Vinur við veginn
olís

# SKÍÐAÚTSALA

30-70% AFSLÁTTUR AF SKÍÐUM, BRETTUM, SKÍÐABÚNAÐI OG SKÍÐAFATNAÐI
Í SKÍÐADEILD ÚTILÍFS Í SMÁRALIND*




**30-70% AFSLÁTTUR**

**SKÍÐADEILDIN ER Í SMÁRALIND**

**ÚTILÍF**
*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Ástand heimsins







**1.** Eldri borgarar mótmæltu í Bilbaó í Baskalandi í gær sem og víðar á Spáni. Regnhlífarsamtök spænskra verkalýðsfélaga stóðu að mótmælunum og kröfðust hækkunar ellilífeyris. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**2.** Þúsundir halda áfram að flýja bæi á Austur-Ghouta-svæðinu í grennd við Damaskus í Sýrlandi. Stjórnarherinn hefur unnið aftur um 90 prósent svæðisins en mannfallið hefur verið mikið. Hér má sjá þingmann á gangi í bænum Harasta. NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Íbúar borgarinnar Kemerovo í Síberíu voru harmi slegnir í gær. Að minnsta kosti 64 fórust í eldsvoða í verslunarmiðstöð í borginni á sunnudag og tuga er enn saknað. Rannsókn hefur leitt í ljós að slökkt var á brunakerfi hússins eftir að brunaverði hafði verið gert viðvart. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Þessum manni í Um Al-Hammam-hverfi sádiarabísku höfuðborgarinnar Riyadh leist ekki á þakið sitt í gær. Gat kom á þakið þegar eldflaugar Húta, uppreisnarmanna frá Jemen, voru skotnar niður fyrir ofan höfuðborgina. NORDICPHOTOS/AFP

**5.** Blaða- og tökumenn biðu átekta við fangelsið í Neumünster í Þýskalandi í gær. Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu, er í haldi í fangelsinu en hann er eftirlýstur í heimalandinu, sakaður um uppreisn vegna atkvæðagreiðslu síðasta árs um sjálfstæði Katalóníu.












**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

ENNEMM / SÍA / NM86611 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Fermingar dagar í Dorma

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði




NATURE'S SUPREME
heilsurúm m/Classic botni




- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- Vandaðar kantstyrkingar
- 320 gormar á m²

Öllum fermingartilboðum á heilsurúmum hjá Dorma fylgir Scandinavian Bedding dúnkoddi að verðmæti **4.900 kr.**



**Nature's Surpreme með Classic botni og fótum**

| Stærð í cm | Fullt verð | Fermingartilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 82.900 | 66.320 |
| 90x200 | 89.900 | 71.920 |
| 100x200 | 96.900 | 77.520 |
| 120x200 | 109.900 | 87.920 |
| 140x200 | 119.900 | 95.920 |

Fermingartilboð

**Opnunartími um páskana**
Þriðjudag. og miðvikud. kl. 10-18
Laugard. kl. 11-17 (11-16 Akureyri)
Lokað skírdag, föstudaginn langa, páskadag og 2. í páskum

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína.



Kringlan · SMÁRALIND · BÓNUS · FJÖRÐUR · Samkaup · N1 · nettó · olís



Stór plaköt, til stuðnings Abdul Fattah al-Sisi forseta, gnæfðu yfir þennan Kaíró-búa í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Óumflýjanlegur sigur Sisi í forsetakosningum

**Forsetakosningar í Egyptalandi standa nú yfir. Nær öruggt að Sisi nái endurkjöri. Andstæðingur sagður leiksoppur stjórnvalda, er stuðningsmaður Sisi. Stjórnarandstæðingum meinað að bjóða sig fram. Lokað á gagnrýna fjölmiðla.**

**EGYPTALAND** Forsetakosningar í Egyptalandi hófust í gær en Egyptum gefst einnig kostur á að greiða atkvæði í dag og á morgun. Nær ómögulegt er að Abdul Fattah al-Sisi forseti takist að tapa en trúverðugir andstæðingar forsetans hafa annaðhvort dregið framboð sín til baka eða þeim verið meinað að taka þátt.

Búist er við því að niðurstöður kosninganna verði ekki kynntar fyrr en 2. apríl. Ef enginn frambjóðandi fær meirihluta atkvæða fer önnur umferð kosninga fram 24. til 26. apríl. Það þykir hins vegar ólíklegt í ljósi afar sterkrar stöðu Sisi og þar sem frambjóðendurnir eru einungis tveir.

Sisi forseti er annar frambjóðenda. Hann var áður hermaður og gegndi embætti varnarmálaráðherra í ríkisstjórn Mohameds Morsi á árunum 2012 og 2013. Í júlí 2013 fór Sisi svo fyrir valdaráni hersins og steypti Morsi og flokki hans, Bræðralagi múslima, af stóli.

Bræðralagið var svo bannað og meðlimir þess teknir af lífi í hundraðatali. Í dag flokka ríkisstjórnir Bareins, Egyptalands, Rússlands, Sýrlands, Sádi-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmanna Bræðralagið sem hryðjuverkasamtök.

Sisi bauð sig fram til forseta 2014 gegn Hamdeen Sabahi og fékk 97 prósent atkvæða. Allar götur síðan hefur staða hans verið sterk og nýtur hann stuðnings rúmlega 500 þingmanna í forsetakosningunum þessa árs. Alls eru þingmennirnir 596.

Framboð Sisi kemur fæstum á óvart en spurningarmerki hafa verið sett við framboð andstæðingsins, Moussa Mustafa Moussa. Sá bauð sig fram á síðustu stundu eftir að hafa safnað undirskriftum fyrir framboð Sisi. Moussa nýtur stuðnings Ghad-flokksins, sem á engin sæti á egypska þinginu, og nokkurra ættbálkahöfðingja.

Þegar einkarekna sjónvarpsstöðin CBC spurði Moussa í febrúar um hvort hann vildi sjónvarpskappræður svaraði frambjóðandinn: „Ég er raunsær maður. Ég veit að kappræður yrðu tilgangslausar fyrir mig. Ég hef engin afrek unnið.“

Ríkismiðlar og aðrir fjölmiðlar, hliðhollir Sisi, hafa veitt framboði Moussa mikla athygli og fjallað um það líkt og um venjulegt, alvarlegt forsetaframboð sé að ræða. Hins vegar hafa stjórnarandstæðingar, bæði úr hinu bannaða Bræðralagi múslima sem og aktívistar og stjórnarandstæðingar á samfélagsmiðlum, haldið því fram að Moussa sé í raun leiksoppur Sisi. Hann sé einungis í framboði til að láta kosningarnar líta trúverðuglega út.

Sá trúverðugleiki hefur einna helst verið dreginn í efa í ljósi þess að helstu andstæðingar Sisi hafa ekki fengið að bjóða sig fram. Mannréttindabaráttumaðurinn og lögfræðingurinn Khaled Ali þurfti að draga framboð sitt til baka í janúar vegna meintra brota við söfnun undirskrifta.

Þá hafa yfirvöld höfðað mál gegn Ali og er hann sakaður um óspektir og „dónalegar handabendingar“ þegar hann fagnaði sigri í máli sem hann vann fyrir dómstólum og snerist um að ekki ætti að afhenda Sádi-Arabíu tvær eyjar í Rauðahafi. Hefur Ali sagt málið pólitísks eðlis, hann hafi einungis verið ákærður eftir að hann tilkynnti um framboð sitt. Verði hann sakfelldur mun hann ekki geta boðið sig fram aftur.

Annar stjórnarandstæðingur, sem þótti líklegur til afreka, er fyrrverandi starfsmannastjóri hersins, Sami Anan. Eftir að hann tilkynnti um framboð sitt var hann handtekinn, sakaður um að hafa brotið reglur hersins með því að fá ekki samþykki hersins fyrir framboði sínu.

Og listinn er ekki tæmdur. Ahmed Shafiq, fyrrverandi forsætisráðherra, tilkynnti um framboð sitt í nóvember. Hann dró það hins vegar til baka eftir að hafa, samkvæmt stjórnarandstöðumiðlum, verið haldið gegn vilja sínum í hótelherbergi í Kaíró í mánuð.

Fjórði frambjóðandinn sem þótti líklegur til afreka, Al-Sayed al-Badawi, formaður hins frjálslynda Al-Wafd-flokks, tilkynnti um framboð sitt á síðasta ári. Nokkrum dögum síðar meinaði flokkur hans honum að fara í framboð á þeim grundvelli að það myndi skaða orðspor flokksins.

Vegna þess að stjórnarandstæðingar hafa ekki fengið að bjóða sig fram og vegna alvarlegra takmarkana á fjölmiðlafrelsi hefur verið hvatt til sniðgöngu á kosningunum. Stjórnarandstöðuflokkurinn Lýðræðishreyfingin, fjöldi mannréttindabaráttusamtaka og hið bannaða Bræðralag múslima eru á meðal þeirra sem ætla að sniðganga forsetakosningarnar. Þá hafa fyrrverandi forsetaframbjóðendur og þekktir stjórnarandstæðingar hvatt sem flesta til að mæta ekki á kjörstað. **thorgnyr@frettabladid.is**

## Fjölmiðlafrelsið ekki til staðar

Egypskir fjölmiðlar eru ekki frjálsir og greinir BBC frá því að þeir hafi þurft að fylgja tilskipunum yfirvalda í aðdraganda kosninganna. Ríkisstjórnin hefur til að mynda lokað á vefsíður Al-Jazeera og egypska dagblaðsins Mada Masr. Aukinheldur hafa allnokkrir blaðamenn verið handteknir.

„Þegar lokað var á okkur vorum við í losti. Við vorum hrædd og vissum ekki hvað við gátum gert. En þetta er veruleikinn í Egyptalandi í dag. Við erum einn 400 fjölmiðla sem lokað hefur verið á,“ sagði Heba Afify, blaðamaður Mada Masr á enskri síðu blaðsins í gær.

Samkvæmt fréttaskýranda BBC hafa egypskir miðlar stutt Sisi en þó passað sig á að sýna fram á trúverðugleika framboðs Moussa. Lítið var gert úr því er aðrir frambjóðendur drógu framboð sín til baka eða var meinað að bjóða sig fram. Til að mynda voru helstu fjölmiðlar hrifnir af því þegar Anan var handtekinn, að því er BBC greinir frá.

> Við erum einn 400 fjölmiðla sem lokað hefur verið á.
>
> Heba Afify, blaðamaður Mada Masr




The Power to Surprise

## Reynsluaktu Kia til að sigra!

Allir sem reynsluaka Kia í mars og apríl eiga möguleika á að **vinna flug, gistingu og miða fyrir tvo á leik Argentínu og Nígeríu í St. Pétursborg**, þann 26. júní. Ekki missa af þessu tækifæri! Komdu og reynsluaktu, heppnin gæti verið með þér í liði.

**Við tökum vel á móti þér í Bílaumboðinu Öskju og hjá söluumboðum Kia um land allt.**

Kia Sportage á HM tilboði frá:

# 3.890.777 kr.

Verð áður: ~~4.190.777 kr.~~

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is · kia.com**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

## Ítalskt




**Fumagalli ítölsk hráskinka og salami**

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

verð frá **599** kr/pk

Tilboð gilda út 3. apríl



**Snowdonia Cheddar**

Margverðlaunaðir Cheddar ostar frá Wales

**639** kr/stk



**Tengdamömmutungur**

Frábærar með ostunum, pastanu eða einar og sér

**799** kr/pk




**Páskaegg í úrvali**

Allar stærðir og gerðir

## Franskt




**Royal Faucon franskur Camembert**

Gómsætur á veisluborðið

**879** kr/stk



**Túlipanar**

Páskatúlípanarnir eru komnir

**1.598** kr/pk

# Meira fyrir páska




### Hagkaups fyllt hátíðalæri

Úrbeinað lambalæri fyllt með góðgæti. 4 tegundir:
Döðlur og gráðaostur - Fíkjur, engifer og kanill -
Camembert - Sveppir

**2.899** kr/kg




### Hagkaups hamborgarhryggur

**2.098** kr/kg




**20%** afsláttur

### Hagkaups veislulæri

**1.999** kr/kg

verð áður 2.499 kr/kg




### Hagkaups kalkúnaskip

**2.999** kr/kg

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

# Erfðaefni Facebook



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Hneykslið í kringum óleyfileg kaup pólitískra málaliða hjá Cambridge Analytica á gögnum um fimmtíu milljónir Facebook-notenda, og beiting þessara gagna sem vopns í sálfræðihernaði gegn kjósendum í Bandaríkjunum og Bretlandi, er aðeins eitt dæmi af mörgum þar sem viðkvæmar upplýsingar um notendur hafa runnið úr greipum Facebook. Þetta tiltekna mál er enn ein staðfestingin á því að Facebook er ekki treystandi fyrir persónuupplýsingum notenda sinna.

Við höfum séð þetta allt áður, þó ekki með jafn umfangsmiklum og alvarlegum hætti, en næstu skref eru fyrirsjáanleg. Facebook mun lofa bót og betrun. Mögulega verða innleiddir nýir öryggisstaðlar til að þrengja enn frekar að gagnasöfnun. En eitt er þó víst. Facebook mun aldrei breytast.

Facebook er háð vexti. Án hans hefur þetta miðtaugakerfi internetsins engan tilgang. Það sem knýr þennan hrikalega vöxt áfram er ört vaxandi gagnaskrá fyrirtækisins þar sem gögn og persónuupplýsingar hundraða milljóna Facebook-notenda, og jafnvel þeirra sem ekki nota samfélagsmiðilinn, eru geymd og standa auglýsendum og öðrum til boða og hagnýtingar.

Ekkert fær breytt þessu erfðaefni Facebook. Samfélagsmiðillinn þjónar þeim eina tilgangi að afla tekna með söfnun upplýsinga. Hin mikla lygi Marks Zuckerberg er að halda því fram að markmið sé að skapa betri og tengdari heim.

Vonarglætu er að finna í nýrri og umfangsmikilli persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (General Data Protection Regulation, eða GDPR) sem mun gera notendum kleift að gera mun víðtækari kröfur um meðferð persónuupplýsinga sinna. Reglugerðin verður innleidd 25. maí næstkomandi.

Eins jákvæður áfangi og innleiðing GDPR er þá breytir reglugerðin engu um eðli Facebook. Þörf er á enn harðari aðgerðum ríkisins til að vernda þegna sína, til dæmis með því að stöðva útbreiðslu nafnlauss og andlýðræðislegs áróðurs.

Facebook er ekki á förum, enda svalar miðillinn lífsnauðsynlegri þörf okkar fyrir því að tengjast hvert öðru, skapa samfélög og móta sjálfsmynd okkar. Á sama tíma megum við ekki leyfa miðlinum að afskræma sýn okkar á veröldina og samfélag okkar í gróðafíkn sinni.

Þegar þessir þættir eru teknir saman, annars vegar raunveruleg og eðlileg þörf okkar fyrir að nota Facebook og hins vegar sú staðreynd að samfélagsmiðillinn ber ekki hag okkar fyrir brjósti, þá blasir við að yfirvöld og eftirlitsaðilar þurfa að skerast í leikinn.

> **Vonarglætu er að finna í nýrri og umfangsmikilli persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins sem mun gera notendum kleift að gera mun víðtækari kröfur um meðferð persónuupplýsinga sinna.**

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

## Halldór



## Frá degi til dags

**Dóra fyrir Dóra**

**Konur skipa fjögur efstu sætin á lista Pírata fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Dóra Björt Guðjónsdóttir leiðir með þrjár konur að baki sér og karlmann í fimmta sæti. Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata, fagnaði þessu á Facebook í gær: „Dóra tekur við af Dóra. Er það ekki frekar ljóðrænt?“ Kynjahalli hefur þó áður valdið Pírötum áhyggjum og Helgi Hrafn Gunnarsson þingmaður æðraðist yfir því 2016 að aðeins tvær konur gæfu kost á sér í prófkjöri í Norðausturkjördæmi. Slíkur kynjahalli gæti ekki gengið. Sjálfsagt vegur þó þyngst á hvort kynið hallar og mögulega aukaatriði hvað oddvitar Pírata eru með milli lappanna svo lengi sem þau gegna nánast sama gælunafni.**

**Innrammað grín**

**Píratar þjást þó ekki af skorti á skopskyni. Fréttablaðið.is greindi frá því gær að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingkona Pírata, vildi fyrir alla muni eignast skopmynd eftir Gunnar Karlsson sem birtist í Fréttablaðinu í byrjun mars. Þar er hún teiknuð innan um nokkra þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem skarta hrútshornum. Þórhildur Sunna vill helst geta hengt myndina upp á skrifstofu sinni nú þegar á meðan faðir hennar vill láta hana bíða fram í maí og fá myndina í afmælisgjöf.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Hver ætlar að eyða umönnunarbilinu?



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
lögfræðingur BSRB

Nú þegar styttist í sveitarstjórnarkosningar þurfa kjósendur að gera upp við sig hvaða framboð fær þeirra atkvæði. Eitt af mikilvægustu verkefnum allra sveitarfélaga á landinu eru dagvistunarmál barna. Engu að síður búa margir foreldrar ungra barna við þær aðstæður að sveitarfélög tryggja ekki aðgang að leikskóla fyrr en 15 mánuðum eftir að fæðingarorlofi lýkur. Foreldrar ungra barna þekkja því vel þennan vanda. Það gera líka ömmur og afar og aðrir sem reyna að hjálpa til með því að passa börnin dag og dag til að bjarga því sem bjargað verður. Þetta er stór hópur kjósenda.

Það hefur lítil breyting orðið í þessum málaflokki síðustu 30 árin. Það er vitað að fyrirkomulagið sem nú er við lýði hefur veruleg og víðtæk áhrif, til dæmis á andlega líðan og fjárhagsstöðu barnafjölskyldna, atvinnuþátttöku, starfsþróunarmöguleika og launamun kynjanna. Þetta er samfélagslegt vandamál sem sveitarfélögin í landinu þurfa að bregðast við.

Inntökualdur á leikskóla getur verið allt frá níu mánuðum upp í tvö ár. Könnun sem BSRB gerði hjá öllum sveitarfélögum á landinu leiddi í ljós að foreldrar þurfa að meðaltali að brúa þrjá til sex mánuði á milli níu mánaða fæðingarorlofs og þess að barnið komist að hjá dagforeldri eða leikskóla. Bilið er enn lengra hjá flestum einstæðum foreldrum og foreldrum sem geta ekki tekið fæðingarorlof af fjárhagsástæðum. Þá getur biðin verið lengri ef barn fæðist á ákveðnum tímum árs, ef árgangar eru stórir eða mannekla er á leikskólum.

Það er óásættanlegt að ekki sé jafnræði með foreldrum á landinu þegar kemur að þessari grunnþjónustu. Sveitarfélögin verða að tryggja að hún sé í lagi.

Það er lítill hvati til barneigna ef þær ýta undir misrétti kynjanna, fela í sér margra mánaða tekjuleysi og í sumum tilfellum starfsmissi. Við þessu þarf að bregðast og það ætti að vera áherslumál allra flokka sem bjóða fram í komandi sveitastjórnarkosningum. Útrýma þarf umönnunarbilinu með því að bjóða upp á tryggt dagvistunarúrræði strax að loknu fæðingarorlofi.

> **Útrýma þarf umönnunarbilinu með því að bjóða upp á tryggt dagvistunarúrræði strax að loknu fæðingarorlofi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Sjúkratryggingar Íslands – fyrri grein



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

Nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar um Sjúkratryggingar Íslands er þungur áfellisdómur um hvernig til hefur tekist við það mikla spunaverk.

**Veikburða stofnun**

Skýrslan staðfestir að Sjúkratryggingar Íslands er stofnun sem er veikburða fædd og hefur aldrei staðið undir eðlilegum væntingum eða náð að gegna því hlutverki sem henni var ætlað. Það er mikið álitamál hvort hugmyndafræðin sem starfsemin byggir á sé ekki uppfull af misskilningi – um viðskiptaumhverfi í heilbrigðisþjónustu, kaup og sölu eins og á markaði, að heilbrigðisþjónusta sé eins og hver önnur hilluvara. Þetta eru innfluttar hugmyndir sem miðast við milljónasamfélög. Ísland er hins vegar lítil örþjóð þar sem kunningja-, ættar- og vildarvinaósiðir hafa fengið að skjóta djúpum rótum. Allnokkur einkenni eru um það hvað varðar málefni Sjúkratrygginga Íslands. Tengsl við stærsta stjórnmálaflokk landsins allt frá upphafi eru og hafa verið sláandi og óeðlileg. Fingraförin leyna sér ekki, allt frá forstjóra til stórra þjónustuaðila. Þessi tengsl og hvernig þau hafa þróast gagnvart hinum ýmsu stigum heilbrigðisþjónustunnar eru aðfinnsluverð og ættu að vera tilefni sjálfstæðrar skoðunar.

**Gæði og þekking**

Skýrslan staðfestir að þegar Sjúkratryggingar hófu starfsemi sína árið 2008 var gert ráð fyrir að starfsmenn með sérþekkingu innan ráðuneytis, Tryggingastofnunar ríkisins, heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítala flyttust yfir til Sjúkratrygginga til að efla stofnunina og breyta samningsstöðu ríkisins varðandi það að véla með heilbrigðisþjónustu. Ekkert af þessu hefur verið gert og skortur á sérþekkingu og samningagerð er viðvarandi ef marka má það sem fram kemur í úttekt Ríkisendurskoðunar.

Það er samdóma álit þeirra sem að skýrslunni koma að marktækt gæðaeftirlit hafi ekki verið fyrir hendi frá því að Sjúkratryggingar Íslands tóku til starfa. Mikið hafi skort á að fagleg rök og hagkvæmni ráði för. Jafnvel hafi áhrif einstakra heilbrigðisstarfsmanna eða fag- og þrýstihópa verið afgerandi. Með öðrum orðum, það hefur verið farið óvarlega með opinbert fé.

**Ójafn leikur**

Skýrslan reifar í nokkrum atriðum hvernig opinberar heilbrigðisstofnanir hafa um langt árabil verið fjármagnaðar og þar er ólíku saman að jafna ef horft er til sjálfstætt starfandi sérfræðinga eða einkarekinna heilbrigðisstöðva. Opinberar stofnanir eru á föstum fjárlögum, fá eina fasta upphæð til rekstrar í upphafi árs og hún stendur óhögguð, sama á hverju gengur. Stórfelld íbúafjölgun á viðkomandi svæði og aukin þjónustuþörf er ekki nægileg ástæða endurskoðunar, ekki heldur hvort framkvæmdar eru 10 eða 100 skurðaðgerðir og faraldrar á svæðinu breyta ekki fjárlögum eða fjárveitingum. Öðru máli gegnir hins vegar um þá aðila sem ná samningum við Sjúkratryggingar Íslands þar sem framleiðslutengd fjármögnun gildir. Þar er greitt jafnóðum samkvæmt verðlista fyrir öll verk sem unnin eru. Kerfið hefur nú reyndar verið tekið upp í heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu og stefnt er að því að það verði að hluta til tekið upp á Landspítala á þessu ári.

Þetta breytir miklu og ávinningurinn er nokkuð augljós. Þó þarf að hafa varann á eins og drepið er á í skýrslunni og vísað til reynslu nágrannalandanna. Heilbrigðisstarfsfólki hleypur kapp í kinn og með einföldum verkgreiðslum er hætta á auknum kostnaði samfara auknum afköstum. Þetta fyrirkomulag kann að hvetja til offramleiðslu á kostnað gæða þjónustunnar. Því er mikilvægt að í öllum samningum sem í vændum eru séu skýrar skilgreiningar um magn, gæði og hagkvæmni. Þá er einnig rík ástæða til að árétta og tryggja rétt landsbyggðar til sambærilegrar þjónustu. Á þessu hefur verið misbrestur og Sjúkratryggingar Íslands brugðist í mótunarhlutverki sínu varðandi sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni með því að skeyta ekkert um að setja fyrirvara í samninga við sérfræðinga um þetta efni.

> **Þarna hefur kylfa fengið að ráða kasti og þeir sem halda um kylfuskaftið eru enn við völd, hugsa sér gott til glóðarinnar og eru með marga bolta á lofti.**

**Jafnræði – framtíðarsýn**

Kostnaður Sjúkratrygginga Íslands vegna sérgreinalæknisþjónustu hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum, langt umfram aðra þætti og hlutfallslega yfirgnæfandi mest á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma hafa opinberar heilbrigðisstofnanir um allt land verið sveltar, rúnar fé, fagfólki og framtíðarsýn.

Samkvæmt öllu eðlilegu mætti ætla að þetta endurspegli heildstæða stefnu um heilbrigðisþjónustu í landinu og sé í samræmi við ítarlegar greiningar en svo er því miður alls ekki. Þarna hefur kylfa fengið að ráða kasti og þeir sem halda um kylfuskaftið eru enn við völd, hugsa sér gott til glóðarinnar og eru með marga bolta á lofti.

# Góðar fréttir 2030



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Hvernig viljum við að heimurinn líti út árið 2030? Það er sú spurning sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna leitast við að svara en þau voru samþykkt af öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Markmiðin gilda til 2030 og snúast um ólík svið samfélagsins. Þau eiga það þó sammerkt að byggja á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem jafnvægi ríkir milli umhverfis, efnahags og samfélags og ekki er gengið á tækifæri komandi kynslóða.

Einstök markmið snúast til að mynda um að tryggja menntun fyrir okkur öll, stuðla að heilsu og vellíðan, útrýma fátækt og hungri, auka jöfnuð, stuðla að ábyrgri neyslu og sjálfbærri orkunotkun og tryggja jafnrétti kynjanna. Markmiðin eiga að leiða til framfara á heimsvísu með almannahagsmuni að leiðarljósi. Til að vel takist til með slíkt verkefni þurfum við öll að taka þátt. Stjórnvöld leiða þessa vinnu hér á landi en Heimsmarkmiðin eru mikilvægur þáttur í stefnumótun bæði forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Stjórnvöld eru þó einungis ein stoð af mörgum. Mikilvægt er að stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök kynni sér markmiðin og tileinki sér þau í starfsemi sinni.

Mörgum okkar finnst 2030 enn ansi fjarri í tíma og vissulega getur margt gerst þangað til. Þá verða ungmenni dagsins í dag líklega við stjórnvölinn og þess vegna leggjum við sérstaka áherslu á að ungmenni eigi sterka rödd við innleiðingu Heimsmarkmiðanna. Ég hef trú á að raddir ungs fólks verði stjórnvöldum í senn mikilvægur stuðningur og aðhald í þessu verkefni. Á næstu dögum verður skipað í ungmennaráð Heimsmarkmiðanna sem mun fá fræðslu um markmiðin og vinna síðan að því í framhaldinu að vekja athygli á málinu hér innanlands.

Ég hvet okkur öll til að taka höndum saman, kynna okkur Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og leggja okkar lóð á vogarskálarnar. Flytjum góðar fréttir árið 2030.


**Varmadælur & loftkæling**




Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk

Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land




Taktu þér greiðslufrí með Kortaláni og láttu drauminn rætast.

Kynntu þér málið. 525 5055 | sala @valitor.is | valitor.is

VALITOR

# Hverjum klukkan glymur



**Guðjón Ragnar Jónasson**
kennari

Á dögunum felldu grunnskólakennarar kjarasamning við Samtök íslenskra sveitarfélaga með verulegum meirihluta undir yfirskriftinni „fellum feitt“ og ljóst er að erfitt verður að berja saman nýjan samning. Samninganefnd kennara reyndi allt sem í hennar valdi stóð til að ná góðum kjörum, en komst því miður ekki lengra. Sem fyrrverandi grunnskólakennari íhuga ég stundum hvort sveitarfélög í okkar fámenna og strjálbýla landi hafi burði til að glíma við flóknari mál en sorphirðu og fjallskil, já, hvort þau valdi einfaldlega svo stórum málaflokki sem rekstur grunnskólans er. Framkoma þeirra í garð grunnskólakennara síðustu ár og misseri hefur sannfært mig um að svo er ekki.

Grunnskólinn hefur verið á forræði sveitarfélaga þessa lands frá 1996, en frá þeim tíma hefur dregið úr áhuga á kennslu og störfum henni tengdum. Er nú svo komið að varla nokkur maður lætur sér detta í hug að fara í kennaranám. Sveitarfélögin hafa tekið að sér verkefni sem þau hafa ekki fjárhagslega getu til að standa undir og þó að tekjur þeirra aukist í góðæri, þá er skólakerfið að molna á þeirra vakt. Virðist oft innihaldslaus fagurgali einkenna sveitarstjórnarstigið þegar kemur að skólamálum. Aðbúnaður og starfskjör kennara eru ólík því sem þekkist meðal annarra sérfræðinga með sams konar menntun í þjónustu sveitarfélaga. Ekki hefur staðið á því að byggja tilkomumiklar skólabyggingar en þegar kemur að mannauði skólanna er minna um efndir.

> **En þegar klukkan var innleidd í grunnskólanum góða á Holtinu olli mér furðu að ekki skyldi greitt samkvæmt henni; þess í stað hafði hún að gegna hlutverki sem varðhundur er skyldi sjá til þess að kennararnir ynnu vinnuna sína.**

Ég gleymi seint stimpilklukkunni sem Reykjavíkurborg setti upp í gamla góða grunnskólanum mínum á Skólavörðuholti árið sem ég hætti þar kennslu. Ég hafði unnið í nokkur ár undir árvökulum augum sams konar klukku á umhverfissviði Reykjavíkurborgar og þar vissu allir hverjum klukkan glumdi enda greitt eftir henni og ég kunni ágætlega við þá skipan mála. En þegar klukkan var innleidd í grunnskólanum góða á Holtinu olli mér furðu að ekki skyldi greitt samkvæmt henni; þess í stað hafði hún að gegna hlutverki sem varðhundur er skyldi sjá til þess að kennararnir ynnu vinnuna sína. Klukkan geirneglði vinnutímann og á suma virkaði hún sem síðasti naglinn í þröngum og ósveigjanlegum ramma utan um vinnutíma kennara. Á sama tíma voru önnur svið borgarinnar að vinna að styttingu vinnuvikunnar og auknum sveigjanleika, fólki sínu til handa. Það var mínum ágæta skólastjóra, sem var alla tíð tryggur þjónn mennskunnar, þungbært að innleiða klukkuna en hann var einn síðasti ríkisskipaði skólastjórinn sem starfaði í höfuðborginni.

**Holur hljómur**

Og mennskan hefur látið undan síga á vakt sveitarfélaganna, grunnskólakennarar kvarta sáran undan aðbúnaði sínum og upplifa oft klukkueftirlitið sem vantraust. Verum minnug þess að á harðindatímum sínum átti íslenska þjóðin eina sameign, klukku þá sem hékk fyrir gafli lögréttuhússins við Öxará. Segja má að sú forna klukka eigi sammerkt með rekstri grunnskóla nútímans að hljómur hennar var skærari hér áður fyrr. En brestur kom í Íslandsklukkuna, eins og rekstur grunnskóla á vorum dögum; tónninn, sem sveitarfélögin boða, felur í sér geirneglingu vinnutíma og óseðjandi fundafíkn, og framkoma sveitarfélaga í garð kennara lyktar nú um stundir af áhuga- og skeytingarleysi. Sá holi hljómur er ekki til þess fallinn að laða fólk að kennslu.

Nýskipaður menntamálaráðherra, full af áhuga um að bæta vanda menntakerfisins, vekur hins vegar vonir um að einhverju megi bjarga enn. Myndi ekki skapast mikill samfélagslegur ávinningur ef ríkið tæki á ný yfir frá sveitarfélögum þau viðamiklu verkefni sem rekstur grunnskóla er?

# Beint af báti eða því sem næst





**Rakel Halldórsdóttir**
annar stofnenda Frú Laugu bændamarkaðar, stjórnarmaður SLOW FOOD Reykjavík og ráðgjafi hjá Matís

**Brynja Laxdal**
verkefnastjóri Matarauðs Íslands hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Það fer ekki á milli mála að Ísland býr við einstaka sérstöðu hvað varðar ríkulegar auðlindir til lands og sjávar. Við búum við þau skilyrði að geta framleitt gæðavörur í sátt við sjálfbæra þróun. Neytendur eru að verða kröfuharðari um aðgengi að heilnæmum mat og meiri ásókn er í rekjanleg eða svæðisbundin matvæli. Þessar kröfur endurspegla viðmið Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni samfélaga jarðar, sem og hugmyndafræði Slow food samtakanna og fleiri.

Það er fátt skemmtilegra en að upplifa sögu og menningu í gegnum matarupplifun enda spegla matarhefðir, rétt eins og tungumál og trúarbrögð, sérkenni hverrar þjóðar og eru samofin náttúru og tíðarfari. Ímynd Íslands erlendis ef spurt er um mat tengist gjarnan fiski, jú og skyri. Skyrið fæst alls staðar en að finna ferskan fisk í litlu magni, í pottinn, útilegugrillið eða sumarbústaðinn er ekki svo auðvelt þar sem engar fiskbúðir eru. Og þær eru

> **Fiskurinn er ein hollasta og besta fæða sem hægt er að hugsa sér. Er ekki kominn tími á breytingar? Í landbúnaði er boðið upp á beint frá býli - því ekki sjávarútvegurinn með beint af báti?**

ekki margar úti á landi. Sem betur fer eru fleiri verslanir sem bjóða upp á ferskan fisk, en yfirleitt er vöruúrvalið fábreytt og fiskurinn oftar en ekki kominn langt að, jafnvel þó að verslunin sé í sjávarþorpi.

Miklum fjármunum er varið í markaðssetningu erlendis og mikil vinna lögð í að fiskurinn sé sem ferskastur frá því hann er veiddur og þar til hann endar á diski neytenda víða um heim. Í allri þeirri jákvæðu þróun aukinna afkasta og gæða í sjávarútvegi hefur eitt mikilvægt atriði gleymst.

Það er möguleiki nærsamfélagsins á að verða sér úti um ferskt fiskmeti í litlu magni, jafnvel beint af báti. Það skýtur sannarlega skökku við að í sjávarþorpunum okkar, þar sem fjöldi trillubáta liggur í höfn og þar sem sjómennirnir sigla heim í höfn með ferskan, nýveiddan fisk af nálægum miðum, skuli neytandinn sem býr við höfnina ekki geta keypt sér fisk í soðið „beint af báti“. Ekki eru allir svo lánsamir að þekkja til sjómanns sem gefur þeim fisk í soðið endurgjaldslaust. Ferðamenn sem heimsækja smærri hafnarstaði eiga erfitt með að skilja hvers vegna ekki er hægt að nálgast ferskt fiskmeti þegar þeir horfa á bátana sigla hlaðna í höfn og landa fiskinum. Hvar er sjálfbærnin hér, þegar neytandinn endar á að þurfa að fara út í búð og kaupa frosið fiskmeti úr frystinum?

Smábátaflotinn okkar, bátar undir 15 tonnum, telur hátt í 1.200 báta sem dreifðir eru um allt land. Ef einhverjir þessara báta tækju frá smá afla, sem eftir hafnarvigtun, stæði nærsamfélaginu til boða eins og neytendum, veitingahúsum eða verslunum í grennd, þá getum við bætt aðgengi að ferskum fiski. Fiskurinn er ein hollasta og besta fæða sem hægt er að hugsa sér. Er ekki kominn tími á breytingar? Í landbúnaði er boðið upp á beint frá býli – því ekki sjávarútvegurinn með beint af báti?

# Grikkland og gengisfelling orða



**Michael Mann**
sendiherra ESB á Íslandi

Ein bábilja andstæðinga Evrópusambandsins á Íslandi er sú að ESB níðist á smáríkjum innan ESB – eins og þetta sé tvennt ólíkt: ESB-löndin annars vegar og ESB hins vegar. Því er haldið fram að ESB kúgi Grikki. Fullorðið fólk segir blákalt að landinu hafi verið „slátrað“ í þjónkun við fjármálafyrirtæki í stóru ESB-löndunum. Þetta er bull. ESB var ekki síst stofnað til að vernda smáríki. Þessir andstæðingar ESB mættu kynna sér hvort almenningi í minnstu löndum ESB telji illa með sig farið. Þau allra fámennustu eru Lúxemborg, þar sem 86% telja ESB-aðild hafa borgað sig, og Malta (89%). En það er aldrei talað um þetta, né hve vel gengur í litlu ESB-löndunum yfirleitt.

**Grikkland bað um aðstoð og fékk 33 þúsund milljarða!**

Eftir hrunið á Wall Street 2008 beindi alþjóðlega fjármálakrísan kastljósi umheimsins að Grikklandi. Meðan bankar hrundu eins og spilaborgir um víða veröld viðurkenndi Grikkland í október 2009 að þarlend

> **Því er haldið fram að ESB kúgi Grikki. Fullorðið fólk segir blákalt að landinu hafi verið „slátrað“ í þjónkun við fjármálafyrirtæki í stóru ESB-löndunum. Þetta er bull. ESB var ekki síst stofnað til að vernda smáríki.**

stjórnvöld hefðu –um árabil!– gefið út rangar tölur um skuldastöðu landsins. Skuldirnar höfðu verið látnar líta út fyrir að vera minni en þær voru. Þetta skaut mörgum skelk í bringu. Svo fór að lánamarkaðir lokuðu á Grikkland.

Vorið 2010 blasti við greiðsluþrot ríkisins. Grikkland bað fram á aðstoð og til að afstýra hörmungum reiddu Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópski seðlabankinn og framkvæmdastjórn ESB fram fyrsta björgunarpakkann. Framlög sem áttu eftir að enda í 260 milljörðum evra. Það eru eitthvað um 32.700 milljarðar íslenskra króna að núvirði. Þetta var framlag skattborgara annarra ESB-landa og því vitanlega skilyrt þannig að Grikkland undirgengist víðtækar umbætur. Skilyrðin voru umsamin við grísk stjórnvöld og í framhaldi



af samþykki Grikkja samþykktu stofnanir ESB, Evruríkin og nokkur þing ESB-landanna fjárhagsaðstoðina. Landið myndi hagræða í ríkisrekstri, hækka skatta og koma loks böndum á skattaundanskot. Markmiðið var að skapa aðstæður fyrir góða efnahagslega heilsu og sjálfbærni – rekstrargrundvöll fyrir atvinnulífið. Að tryggja langtíma lækningu í stað þess að gleypa enn eina verkjatöfluna.

**Almennt öryggisnet – Grikkland í sókn**

Mikið er talað um fórnir Grikkja. Minna um fjárfestingar ESB í Grikklandi og aðgerðaáætlanirnar í þágu þeirra sem verða fyrir barðinu á afleiðingum skuldakrísunnar. Til að bjóða upp á almennt öryggisnet, höfum við hjálpað stjórnvöldum að styrkja fátækustu heimilin í landinu með tekjusjóði sem er kenndur við félagslega samstöðu. Með þessum sjóði hafa Grikkir í fyrsta skipti aðgang að raunverulegu almennu lágmarksframfærslukerfi. Hálf milljón manna nýtur nú góðs af þessu og við stefnum á að hjálpa allt að 750.000 manns, eða um 7% af þjóðinni.

Ekki er heldur talað um 35 milljarðana okkar (4.400 milljarðar króna) til að framfylgja Atvinnu- og vaxtaráætlun ESB á Grikklandi.

Síst af öllu tala andstæðingar ESB um hve vel Grikklandi hefur gengið að vinna úr stöðunni og vinda ofan af meiriháttar skekkjum í ríkisrekstrinum. Landið færist æ nær því að eignast stjórnsýslu í samræmi við bestu alþjóðastaðla og ætlar að takast betur á við stjórnsýslulega arfleifð síðustu áratuga. Efnahagurinn fer upp og atvinnuleysið niður. Grikkland snýr aftur á alþjóðlega fjármálamarkaði beint í baki. Þar er vöxtur og útlendingar hætta sér að nýju inn í hagkerfið; atvinnuleysi minnkar. Úr 15,1% halla 2009 skilaði Grikkland 0,7% afgangi 2016 og mun uppskera meira en 4,5% af landsframleiðslu árið 2018, aðallega vegna meiriháttar virðisauka- og tekjuskattsbreytinga, og breytinga á lífeyriskerfinu.

**Sterkari saman**

Grikkland þarf ekki frekari björgunaraðgerðir, þegar þriðja björgunarpakka okkar lýkur í ágúst. Landið á sér framtíð þar sem það verður sterkara að öllu leyti en það var fyrir um 10 árum. Fyrst og fremst má þakka þetta eljusemi og styrk Grikkja. En lendingin hefði varla verið jafn farsæl, án aðstoðar evrópskra bandamanna. Höfum þetta í huga þegar einhver sjálfskipaður sérfræðingurinn fer að tala um nauðgun og slátrun Grikklands.

# Skíða- og snjóbrettabogar




Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Ábyrgðin er Rússlandsstjórnar



**Michael Nevin**
sendiherra Bretlands á Íslandi

Á kyrrlátum sunnudegi í suðurensku borginni Salisbury hnigu feðgin niður; fórnarlömb fyrstu beitingar taugaeiturs í árásarskyni í Evrópu eftir heimsstyrjöldina síðari.

Sergei og Yulia Skripal liggja enn á sjúkrahúsi, nær dauða en lífi. Lögreglumaður sem kom þeim til aðstoðar þurfti líka að leggjast inn á sjúkrahús. Alls þurfti 131 maður að gangast undir læknisskoðun og fimmtíu og einn að fara í rannsókn á spítala, bara vegna þess að þau voru stödd í grenndinni þegar eitrinu var dreift.

**Ófyrirleitin morðtilraun**

Það sem gerðist í Salisbury 4. mars síðastliðinn var ófyrirleitin tilraun til að myrða saklausa borgara á breskri grund. Þeir sem stóðu að morðtilrauninni stofnuðu lífi og heilsu fjölda annarra vegfarenda í hættu. Að svona árás skyldi geta átt sér stað í Salisbury þýðir, satt að segja, að slíkrar geti verið að vænta hvar sem er.

Breskir vísindamenn hafa greint eitrið sem beitt var gegn Skripalfeðginunum sem rússneskt taugaeitur, þekkt undir nafninu „Novitsjok“. Nú gildir það einvörðungu um rússnesk stjórnvöld, að það fari saman að hafa orðið uppvís að því að standa að baki morðum á meintum fjendum og að hafa yfirlýst tilefni til að vilja Sergei Skripal feigan. Í þriðja lagi ráða þau yfir birgðum af hinu fágæta „Novitsjok“-taugaeitri.

Eftir árásina gáfu bresk stjórnvöld ráðamönnum í Kreml tækifæri til að koma fram með skýringar, ef vera kynni að birgðir af þessu hættulega efni skyldu hafa komist í rangar hendur. En þetta tækifæri var virt að vettugi, sem gaf bresku stjórninni ekkert annað val en að álykta að rússnesk stjórnvöld væru sek um að bera ábyrgð á morðtilraun á breskri grund, og beita til þess taugaeitri sem er á bannlista Alþjóðasáttmálans um efnavopn (Chemical Weapons Convention). Bresk stjórnvöld buðu sérfræðingum Alþjóðasamtakanna um efnavopnabann (Organisation for the Prohibition of Chemical Weapons) að gera sínar eigin rannsóknir á efninu sem beitt var, og draga sínar sjálfstæðu ályktanir út frá þeim.

**Mynstur lögleysu-hegðunar**

Atvikið í Salisbury fellur inn í mynstur lögleysu-hegðunar rússneskra ráðamanna. Frá því árið 2014 hefur Rússland innlimað Krím, kynt undir ófriðarbáli í Austur-Úkraínu, gert tölvuárásir á þýska sambandsþingið og stjórnsýslu danska ríkisins, og haft afskipti af kosningum víða í Evrópu. Nú hafa rússnesk stjórnvöld gengið svo langt að beita taugaeitri á evrópskri grund.

Rússneskir ráðamenn hafa gripið til alls kyns undanbragða og, sem fyrr, fylgt stefnu um að dreifa lygum og útúrsnúningum. Þeir hafa meira að segja gerst svo djarfir að láta að því liggja að Svíar hafi framleitt eitrið, eða að Bretar hafi sjálfir gert það og beitt á eigin grund! En enginn ætti að láta þetta villa um fyrir sér. Rússar hafa ekki boðið upp á neina trúverðuga skýringu aðra en þá að þeir beri ábyrgðina.

Bresk stjórnvöld hafa brugðist við með því að reka úr landi 23 starfsmenn rússneska sendiráðsins í Bretlandi, sem þau telja vera leyniþjónustumenn. En það ætti ekki að líta á þetta sem tvíhliða deilu milli Bretlands og Rússlands. Hliðstætt tilvik gæti allt eins átt sér stað á Íslandi eða snert íslenska borgara erlendis.

Allt alþjóðasamfélagið verður að vera samtaka um að standa vörð um þær reglur sem öryggi hverrar þjóðar byggir á. Gerum við það ekki mun rússneska ríkið halda áfram hinni hættulegu niðurrifshegðun sinni.

Bretar meta mikils yfirlýsingar Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra um samstöðu og áhyggjur af málinu. Samstaða leiðtoga Evrópusambandsins um málið á fundi þeirra fyrir helgi styrkir okkur í að vinna áfram með alþjóðlegum bandamönnum okkar að því að segja hingað og ekki lengra, svo að

> **Í hvert sinn sem rússneska ríkiskerfið brýtur alþjóðalög, eflist hættan sem af því stafar.**

Rússar skilji að þeir komist ekki upp með að halda því áfram að skaða lýðræðissamfélög í vestri og austri.

**Ekkert sökótt við rússnesku þjóðina**

Við eigum ekkert sökótt við rússnesku þjóðina, sem getur verið stolt af afrekum sínum á menningarsviðinu í gegnum aldirnar. Við munum aldrei gleyma seiglunni sem rússneska þjóðin sýndi á dögum síðari heimsstyrjaldar, né sameiginlegri baráttu okkar gegn nasismanum.

En við deilum öll skyldu til að andæfa metnaði ráðamanna í Kreml til að kljúfa og veikja alþjóðasamfélagið. Í hvert sinn sem rússneska ríkiskerfið brýtur alþjóðalög, eflist hættan sem af því stafar.

# Reykjavíkurheilkennið



**Guðjón Baldursson**
læknir

Margir þekkja til Stokkhólmsheilkennisins (The Stockholm Syndrome). Hópur ræningja réðst inn í banka í Stokkhólmi, tók fólk í gíslingu og hélt því föngnu í sex daga. Gíslunum tók að þykja vænt um mannræningjana, vörðu málstað þeirra og vildu helst ekki að lögreglan bjargaði gíslunum. Þessi væntumþykja hélt jafnvel áfram eftir að gíslarnir höfðu verið frelsaðir.

Þetta kynduga atferli minnir óneitanlega mikið á afstöðu íslenskrar þjóðar til manna og flokka við þingkosningar. Fjórðungur eða kannski meira að segja þriðjungur kjósenda kallar yfir sig sömu flokkana og sömu frambjóðendur sem endurtekið hafa svikið gefin loforð. Stjórnmálamenn sem hafa verið uppvísir að endurteknum lygum, spillingu, samtryggingu, undirferli og þöggun. Hlífiskildi er jafnvel haldið yfir barnaníðingum. Dómsmálaráðherra brýtur lög. Núverandi fjármálaráðherra (fyrrverandi forsætisráðherra) er bendlaður við fjármálamisferli og að ganga erinda gróðafíkinna ættingja sem aldrei virðast ætla að fá nóg.

Í haust þegar barnaníðingsmálið (þöggunarmál þáverandi forsætisráðherra) var í hámæli las ég grein í norsku blaði þar sem fjallað var um spillinguna á Íslandi. Þar stóð þessi setning: „Þessi sami flokkur sem átti hvað drýgstan þátt í því að bankarnir voru seldir fjárglæframönnum skömmu eftir aldamót og sem átti svo stóran þátt í bankahruninu 2008 er enn vel metinn á Íslandi. Hvers vegna í ósköpunum eruð þið, þessi vel menntaða þjóð, að kjósa yfir ykkur þennan sama flokk, aftur og aftur?“ Já, er von að menn spyrji. Flokk sem er með slóð á eftir sér af spillingarmálum og sviknum loforð-

> **Rannsóknir mínar á eðli og atferli Íslendinga benda til að 3.-4. hver Íslendingur sé haldinn Reykjavíkurheilkenninu. Það er einkar athyglisvert í ljósi þess að forfeður okkar voru að stórum hluta flóttamenn frá Noregi sem ekki undu ágirnd og óheilindi Noregskonugs.**

um. Flokk sem setur eiginhagsmuni ofar almannaheill. Flokk sem pukrast með skandala.

Til þess að halda höfuðborgartengslunum hef ég leyft mér að kalla þennan undirlægjuhátt og þessa ótrúlegu tilbeiðslu á spilltum stjórnmálamönnum: Reykjavíkurheilkennið.

Einstaklingur er haldinn Reykjavíkurheilkenninu ef hann uppfyllir sex af eftirfarandi skilmerkjum:

1. Hann hefur óbilandi trú á öllu því sem formaður Flokksins segir hvort sem hallað er réttu máli eða ekki. Formaðurinn segir ekki ósatt. Það eru bara pólitískir andstæðingar sem misskilja orð hans.
2. Hann ber blak af formanninum þótt upp hafi komist að hann eigi einhverja aura í skattaskjólum og þótt formaðurinn og faðir hans hafi bjargað einhverjum hundruðum milljóna út úr Glitni korteri fyrir hrun. Hvað um það þótt hann hafi setið einhvern næturfund um stöðu bankans degi fyrir Hrun?
3. Hann er flokkshollur. Allt sem þingmenn og ráðherrar Flokksins gera er rétt.
4. Hann er umburðarlyndur gagnvart því sem aðrir kalla spillingarmál sem upp koma í Flokknum.
5. Hann kýs alltaf Flokkinn sinn aftur jafnvel þótt Flokkurinn hafi verið á vakt þegar Hrunið skall á og einnig árin á undan meðan fjaraði undan fjárhag landsins.
6. Hann er ekki að gjamma um spillingarmál sem koma upp á Valhallarheimilinu. „What happens in Vegas, stays in Vegas.“
7. Hann vill græða á daginn og grilla á kvöldin.
8. Hann veit að loforðin fyrir kosningar, t.a.m. að bæta kjör eldri borgara og öryrkja, verða ekki efnd, enda hefur það alltaf verið þannig, og hvað með það?

Rannsóknir mínar á eðli og atferli Íslendinga benda til að þriðji til fjórði hver Íslendingur sé haldinn Reykjavíkurheilkenninu. Það er einkar athyglisvert í ljósi þess að forfeður okkar voru að stórum hluta flóttamenn frá Noregi sem ekki undu ágirnd og óheilindum Noregskonungs. Má leiða að því getum að ákveðnar stökkbreytingar hafi orðið í genum Íslendinga í þau rúmu þúsund ár sem liðin eru frá landnámi og ákveðni og staðfesta í skapgerð hafi vikið fyrir undirlægjuhætti og auðsveipni. En þetta þarf auðvitað að rannsaka betur.

*Höfundur varð óvart læknir en ætlaði að verða erfðafræðingur.*

# „God Save the Queen“



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður

EES-samningurinn, sem er aldarfjórðungs gamall, þýddi í raun, að Ísland gekk 70-80% í ESB. Við bættist svo aðild að Schengen-samkomulaginu.

EES-samningurinn hefur reynzt okkur feykilega gagnlegur, enda eru 85-90% okkar utanlandsviðskipta við Evrópu, og, þökk sé EES-samningnum, þá höfum við frjálsan og að mestu tollalausan aðgang að 31 evrópskum markaði, ESB plús EFTA, á sama hátt og við getum keypt afurðir þessara landa frjálslega, ferðast um þau, setzt þar að og hafið þar nám eða störf að vild.

Ef langtímasamningar eru gerðir, þarf auðvitað að vaka yfir þeim, því forsendur og skilyrði breytast stöðugt. Það er því alvarleg vanræksla stjórnvalda hér, að EES-samningurinn hafi ekki verið endurskoðaður og um hann endursamið, eftir þörfum.

Við erum nú komin að krossgötum í þessu máli.

Bjarni Benediktsson, sem reyndar er ekki skýrasti maður landsins um málefni ESB, fáraðist mikið yfir „boðvaldi, úrslitavaldi og sektarákvörðunum“ ESB, á grundvelli EES-samningsins, á Alþingi nýlega. Dæmi um slíkt nefndi hann þó engin.

Sannleikurinn er líka sá, að það regluverk, sem frá ESB kemur, gengur aðallega út á neytendavernd, umhverfisvernd, heilsuvernd, öryggi hvers konar heima fyrir, á ferðalögum og á vinnustað, réttindi almennings og þjóðríkja gagnvart alþjóðlegum stórfyrirtækjum, eftirlit með því, að risafyrirtækin borgi skatta sína o.s.frv., og er þannig af hinu góða.

Ýmsir spámenn hér, t.a.m. utanríkisráðherra, virðast halda, að EFTA yrði miklu sterkara og fengi betri samninga við ESB, ef af Brexit verður og Bretar gengju í EFTA. Hefur sá góði maður hvatt Breta til þess, án þess að vitað sé, að Bretar hafi leitað eftir leiðsögn í málinu héðan frá Fróni.

Þessi hugleiðing utanríkisráðherra er fyrir undirrituðum aldeilis óraunsæ, því, af hverju ætti ESB að veita EFTA betri samning með vandræðagemlinginn Bretland innanborðs, en vinveittar og vandræðalausar EFTA-þjóðirnar geta fengið?

Noregur og Ísland eru auk þess háttskrifuð hjá Þjóðverjum og í ESB; við eigum þar líka bræðraþjóðir okkar Finna, Svía og Dani.

Varðandi gildi Bretlands fyrir okkar utanlandsviðskipti, skal á það bent, að, á sama tíma og viðskipti okkar við Evrópu eru 85-90% af okkar utanlandsviðskiptum, er hlutur Bretlandsviðskiptanna aðeins rúm 10%.

Það er því lítt skiljanlegt, að utanríkisráðherra skuli einblína á Bretland í sinni framtíðarsýn, hvað varðar viðskiptalönd og samherja; geta 10% haft meira vægi en 75-80%!?

Önnur hlið er, að það var einmitt út af einum þætti fjórfrelsisins í EES/EFTA-samningnum, ferða-, búsetu- og starfsfrelsinu, sem naumur meirihluti Breta var æstur upp í Brexit.

Það felst þannig þekkingar- og dómgreindarskortur í hugleiðingunni um nýjan og bættan EES/EFTA-samning með Bretum; beztu samningarnir við ESB verða aðeins tryggðir með fullri ESB-aðild!

Með henni myndum við tryggja okkur beztu mögulegu viðskiptakjör og önnur kjör og réttindi, væntanlega fá 6 þingmenn inn á Evrópuþingið, einn kommissar, eins og hinar ESB-þjóðirnar – engin hefur fleiri en einn –, og gætum við þá loksins látið að okkur kveða; komið okkar málum á framfæri á réttan hátt, á réttum stöðum og haft áhrif!

Hér skal sérstaklega á það minnt, að engin meiri háttar ákvörðun er tekin innan ESB, nema að allar aðildarþjóðirnar – nú 28 – samþykki. Hver einstök þjóð hefur neitunarvald.

ESB hefur síðustu ár gert fríverzlunarsamninga við Suður-Kóreu, Japan og Kanada, þjóðir sem hafa 210 milljónir efnaðra neytenda, og nær fríverzlunarsvæði ESB þannig til 715 milljóna manna.

EES-samningurinn veitir okkur þó ekki aðgang að fríverzlun við þessar þrjár mikilvægu þjóðir, sem full ESB-aðild myndi auðvitað tryggja.

Það breytir litlu fyrir ESB og risavaxið fríverzlunarsvæði þess, hvort af Brexit verður eða ekki, með 65 milljónum þegna, en Bretar verða, hvort sem er, að leita inn á ESB-meginlandsmarkaðinn, því að þeir hafa engan annan markað við hús-

> **Það er mál til komið, að Ísland taki ESB-skrefið til fulls, fari úr 80% í 100% ESB-aðild, og fái um leið 100% möguleika á að láta í sér heyra og hafa áhrif.**

dyrnar, auk þess sem landbúnaðarafurðir og iðnvörur Breta eru sniðnar að meginlandi Evrópu.

Fyrri nýlendur, sem Bretar vilja nú vingast við, hafa hvorki góðar minningar um þá né þörf fyrir þá. Indverjar t.a.m. sækjast nú ötullega eftir ESB-fríverzlun, og vilja þeir ekki trufla þær samningaumleitanir með því að opna Bretum dyr.

Brexit fylleríið mun því sennilega enda með harkalegum timburmönnum.

„God Save the Queen“.

Það er mál til komið, að Ísland taki ESB-skrefið til fulls, fari úr 80% í 100% ESB-aðild, og fái um leið 100% möguleika á að láta í sér heyra og hafa áhrif.

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 27. MARS 2018



Lína gerir nú garðinn frægan með íþróttafatnaði sínum og klæðist hér afar flottum íþróttabuxum úr Define the Line Sport. MYND/STEFÁN JOHN TURNER

# Sjúkdómsgreiningin var lán í óláni

Lína Birgitta Camilla Sigurðardóttir er samfélagsmiðlastjarna með mikilvæg skilaboð. Hún barðist árum saman við lotugræðgi, hannar nú vinsælan íþróttafatnað og vill afhjúpa kolranga mynd af útliti kvenna fyrir unglingum. 2



**Það er margt forvitnilegt við Amish fólkið í Bandaríkjunum. Til dæmis er offita nánast óþekkt og mun minna um algenga lífsstílssjúkdóma hjá þessum hópi sem notar enga nútíma tækni.** 4

ENZYMEDICA

Áttu við meltingar-vandamál að stríða?



**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is



**Framhald af forsíðu ➜**

Mig dreymir um að fara í grunnskóla landsins með fyrirlestra um átröskun til að ná eyrum unglinga sem eru á afar viðkvæmum og móttækilegum aldri fyrir fölskum glansmyndum samfélagsmiðla. Skilaboðin voru víst nógu slæm þegar ég var unglingur en hvað þá núna þegar fótósjoppaðar píur birtast hvarvetna á samfélagsmiðlum og gefa stúlkum kolranga og villandi mynd af því hvernig konur eiga að líta út,“ segir Lína Birgitta Camilla Sigurðardóttir, áhrifavaldur, einkaþjálfari og fatahönnuður.

Lína veit hvað hún syngur. Hún barðist við lotugræðgi frá tólf ára aldri þar til hún varð 25 ára.

„Ég var bolla sem barn og lifði á brauði, sætindinum og gosi. Á þrettánda árinu fannst mér ég vera orðin of feit og þótti sniðug hugmynd að kasta upp mat,“ segir Lína um upphaf tólf ára átröskunartímabils í lífi sínu. „Nú eru komin tvö ár síðan ég fór í meðferð við átröskun hjá Hvíta bandinu innan geðdeildar Landspítalans. Þar starfar frábært teymi og ótrúlegt hvernig meðferðin gagnaðist mér. Ég sem hélt að ég myndi aldrei hætta að belgja mig út af mat og kasta honum upp.“

Hún segir æ fleiri meðvitaða um neikvæð áhrif samfélagsmiðla á sjálfsmynd ungs fólks.

„Þess vegna taka margir áhrifavaldar myndir af sér standandi við spegil á sömu mínútunni þar sem þeir spenna magann á fyrri myndinni og eru svo slakir á þeirri seinni en á þeim virðist þá tíu kílóa munur. Það er til að sýna að á Instagram eru allir upp á sitt besta og flestallt glansmynd, og á því þarf að vekja athygli.“

## Sjúkdómur breytti lífinu

Lína stóð á tvítugu þegar hún greindist með Chrons-sjúkdóminn en það er langvinnur bólgusjúkdómur í meltingarfærum.

„Að greinast með sjúkdóminn var lán í óláni,“ segir Lína. „Ég hafði lengi tamið mér óhollt mataræði og var mikið á djamminu. Því var sjúkdómsgreiningin ábending um að taka til í eigin ranni og velja og hafna mér til heilsubótar.“

Samkvæmt læknisráði þurfti Lína að læra að lifa upp á nýtt.

„Ég tók það mjög alvarlega. Það var annaðhvort að halda áfram að borða hvað sem var og vera alltaf að drepast eða losa mig alfarið við það sem mér varð illt af. Ég fór því að hlusta betur á líkamann og hætti að borða allt sem fór illa í mig, tók út mjólkurafurðir og kjöt, og hef verið grænmetisæta síðan.“

Orkuleysi var fylgifiskur sjúkdómsins og fór Lína í líkamsrækt til að byggja upp þrekið.

„Hægt og bítandi jókst mér þrek og smám saman fór ég að hafa yndi af líkamsrækt. Batinn leyndi sér ekki með breyttu mataræði og aukinni hreyfingu, og með réttum lyfjum við sjúkdómnum varð kraftaverk í mínu lífi. Í dag líður mér vel og ég kann betur á sjálfa mig til að halda sjúkdómseinkennum niðri. Ég þarf að hlusta þegar líkaminn verður þreyttur og vera þá minna á útopnu en þetta er ævilangt ástand og þarf ég í lyfjagjöf á spítalann á sex vikna fresti,“ útskýrir Lína.




**Lína ákvað að láta gamlan draum rætast og hanna sína eigin tískulínu í íþróttafötum þegar hún sá þörf fyrir djarfari mynstur og meiri fjölbreytni í íþróttaklæðum í starfi sínu sem einkaþjálfari.** MYND/STEFÁN JOHN TURNER

## Úr Óla Prik í tískuhönnun

Smituð af líkamsræktarbakteríunni ákvað Lína að læra til einkaþjálfara og réð sig til Reebok Fitness eftir útskrift.

„Við þjálfun og æfingar var ég alltaf í íþróttagallanum en fannst vanta framboð af litríkari íþróttafötum og með djarfari mynstrum. Mig hafði lengi dreymt um að hanna eigin fatalínu, fékk þá flugu í kollinn að hanna íþróttafatnað og lét slag standa. Ég sé ekki eftir því, er mjög ánægð með útkomuna og viðtökurnar hafa verið framar björtustu vonum,“ segir Lína.

Íþróttafatalína Línu kallast Define the Line Sport.

„Ég er vonlaus teiknari og mitt helsta afrek á teiknisviðinu er Óli Prik en ég læt það ekki stoppa mig. Ég teikna flíkurnar eins og þær standa mér fyrir hugskotssjónum og læt svo fullvinna fötin ytra, vel sjálf efnin og fæ send sýnishorn sem ég læt breyta og bæta þar til þau eru nákvæmlega eins og ég sá þau fyrir mér. Allt er það ofboðslega skemmtilegt ferli og á vel við mig,“ segir Lína sem stofnaði tískuverslun með sama nafni þegar hún var tvítug en selur íþróttafatnaðinn eingöngu í vefverslun sinni.

„Ég hitti á góðan tíma að koma fram með þennan fatnað því nú er hæstmóðins að vera í íþróttafatnaði í dagsins önn og ekki bara í líkamsræktarsalnum. Það er næstum eins og að vera í engu að klæðast þeim, svo létt og þægileg eru þau,“ útskýrir Lína.

## Veikleikinn er súkkulaði

Define the Line vísar í nafn Línu, sem fagnar eins árs afmæli íþróttalínunnar í apríl. Út koma þrjár vörulínur á ári og er næsta væntanleg í maí.

„Markmiðið er að fara meira inn á erlendan markað enda er mikil eftirspurn eftir vörumerkinu þar. Ég



**Breska samfélagsmiðlastjarnan Kaz í Define the Line-sportfatnaði Línu.**

vinn mikið innan samfélagsmiðla og fæ erlendar Instagram- og Snapchat-stjörnur til að sýna vörurnar á sínum síðum. Innan þess geira vinna allir saman og þegar breskur áhrifavaldur klæddist merkinu mínu um daginn hrúguðust inn pantanir frá Bretlandi. Áhrifavaldarnir hér hafa greiðan aðgang að áhrifavöldum ytra og meirihluti þeirra er opinn fyrir því. Það er því varla til betri tími til að stofna fyrirtæki en nú og mér finnst að sem flestir ættu að nýta sér það.“

En þótt Línu sé umhugað um heilsuna ætlar hún að njóta páskanna.

„Fram undan er mikil súkkulaðiveisla og ég hlakka mikið til. Ég æfi mikið og helst fimm sinnum í viku. Þá líður mér vel og borða með fram hollt, en súkkulaði er veikleiki minn og ég læt það eftir mér þótt allt sé gott í hófi.“

Hægt er að skoða íþróttafatnað Línu á definethelinesport.com og fylgjast með henni á Snapchat undir linethefine og á Instagram undir linabirgittasig / definethelinesport.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Náttúruleg lausn við vægum sveppasýkingum

## Topida Intimate sprey er notað á svæði sem sýkt eru af sveppum og valda pirringi, særindum eða kláða hvort sem um fætur eða kynfærasvæði er að ræða.

Sveppasýkingar og fótsveppir geta verið verið ansi hvimleiðir kvillar og erfitt að uppræta. Uppistaðan í Topida spreyinu, sem hefur reynst vel gegn vægum sveppasýkingum, eru náttúrulegar olíur og jurtir og er það án kemískra efna og parabena sem þýðir að það má nota eftir þörfum, hvar og hvenær sem er,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### Heitir pottar og þröngar buxur

„Fjölmargar skýringar geta verið á því af hverju við fáum sveppasýkingar. Þær eru af völdum svepps af tegundinni Candida albicans en hann er til staðar í flestum einstaklingum. Hann er einkum að finna í munni, meltingarfærum og leggöngum og sumir eru einnig með hann á húðinni. Þessi sveppur lifir á líkama okkar í jafnvægi við aðrar örverur eins og bakteríur og gerir okkur alla jafna ekkert mein. Ef eitthvað fer úrskeiðis í þessu jafnvægi getum við fengið sveppasýkingar einhvers staðar á líkamanum,“ segir Hrönn.

„Ójafnvægi í þarmaflóru eða sýrustigi í leggöngum getur verið orsökin, smit með kynmökum, þröngar buxur, gerviefni í nærfatnaði og margt fleira getur valdið sýkingum sem við finnum fyrir. Sveppasýkingar blossa upp ef það verður ójafnvægi í bakteríuflórunni okkar eða sýrustigi og geta þær bæði verið á kynfærum sem og annars staðar á líkamanum.

Sveppasýkingar af völdum Candida eru algengastar í munni (þruska), leggöngum og vélinda en þær geta komið nánast hvar sem er.“

### Fótsveppir

„Íþróttafólk þekkir kannski fótsveppi betur en aðrir og hefur Topida frá Salcura reynst vel hjá þeim sem kljást við vægar sveppasýkingar á iljum og milli tánna þar sem oftast er rakt. Þar sem það virkar róandi á húð, dregur úr bólgu, er sveppadrepandi og minnkar kláða, getur viðvarandi notkun gert líkamanum kleift að byggja upp heilbrigða bakteríuflóru og jafna PH-gildið, sem kemur í veg fyrir að sveppurinn nái að fjölga sér á ný. Ólíkt kremum og öðru slíku er ekkert mál að spreyja Topida á sýkta svæðið sem gerir það mjög þægilegt í notkun og þar sem um náttúrulega húðmeðferð er að ræða, má nota það eins oft og þurfa þykir.“



Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**» Topida inniheldur ilmkjarnaolíur sem draga úr einkennum og eru öflugar gegn sýkingum og sveppum, þetta eru: Sandalviðar-, Manuka-, Tee tree-, Lemon tea tree-, timian-, hvítlauks-, fennel- og piparmintuolía.**

### Breytingaskeið kvenna

„Konur sem komnar eru á breytingaskeiðið kannast margar við þurrk í leggöngum. Slímhúð í leggöngum sem hefur hingað til séð um að verja þetta svæði er orðin miklu minni, útferð minnkar og sýkingar geta átt greiðari aðgang,“ segir Hrönn. „Það gæti verið skýring á aukinni lykt sem margar konur finna fyrir á þessu aldursskeiði og svo fylgir þurrkinum líka kláði og óþægindi sem getur reynst erfitt að losna við þrátt fyrir mikið hreinlæti.“

### Topida er náttúruleg lausn

„Vægar sveppasýkingar, pirring og kláða þarf ekki alltaf að meðhöndla með lyfjum. Góðir mjólkursýrugerlar eru alltaf til góðs og svo Topidan sem er náttúruleg lausn og hefur reynst mörgum vel. Topida virkar róandi á húð, dregur úr bólgu, er sveppadrepandi og minnkar kláða. Regluleg notkun getur gert líkamanum kleift að byggja upp heilbrigða bakteríuflóru og jafna PH gildið, sem kemur í veg fyrir að sveppurinn nái að fjölga sér á ný. Ólíkt kremum og öðru slíku er ekkert mál að spreyja Topida á sýkta svæðið sem gerir það mjög þægilegt í notkun og þar sem um náttúrulega húðmeðferð er að ræða, má nota það eins oft og þurfa þykir. Við mælum þó með inntöku á góðum mjólkursýrugerlum samhliða.“

Sölustaðir: Flest apótek og heilsubúðir.





Topida frá Salcura hefur reynst vel hjá íþróttafólki sem þarf að kljást við vægar sveppasýkingar á iljum og milli tánna.





Náttúruleg lausn í handhægum umbúðum

**» Topida er án parabena, kortisóns, alkóhóls, sýklalyfja og kemískra efna. 50 ml glas sem er handhæg stærð á ferðalagi, í íþróttatöskuna eða í veskið.**




# Collagen Beauty formula

## Minni hrukkur og frísklegri húð

Inniheldur 500 mg af kollageni ásamt náttúrulegri bætiefnablöndu sem styður við kollagenframleiðslu húðarinnar.

Regluleg inntaka getur hægt á öldrunareinkennum og dregið úr líkum á að fínar línur og hrukkur fari að myndast of snemma.

natures aid





3 mánaða skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Amish fólkið lifir lengur

**Samkvæmt nýrri rannsókn er Amish fólkið í Bandaríkjunum heilsubetra þegar það eldist en aðrir Bandaríkjamenn. Amish fólkið á mun síður hættu á að fá hjartasjúkdóma, krabbamein og sykursýki en aðrir og ofþyngd er nánast óþekkt fyrirbæri. Nútímaþægindi eru hins vegar bönnuð.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Amish fólkið býr aðallega í Pennsylvaníu, Ohio og Indiana í Bandaríkjunum. Það lifir fábreyttu lífi án bíla, sjónvarps, síma, tölva eða jafnvel rafmagns. Yfirleitt neitar það sér um alla þá tækni sem öðrum finnst sjálfsagt að nota. Reykingar eru sjaldgæfar hjá Amish fólkinu, einstaka karlmaður reykir en konur ekki. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Ohio voru Amish íbúar með 40% lægri tíðni krabbameins en aðrir íbúar í fylkinu. Reyndar er hár blóðþrýstingur aðeins algengari en hjá öðrum en það gæti stafað af mataræðinu sem er mjög þungt. Amish fólkið borðar pönnukökur, egg og pylsur á morgnana og kjöt, kartöflur og sósu í kvöldmat. Hins vegar vinnur fólkið án tækja og hreyfir sig mikið. Þess vegna brenna Amish íbúar fleiri kaloríum en aðrir Bandaríkjamenn.

## Góð gen

Ein helsta ástæða fyrir því að Amish fólkið er langlífara en aðrir íbúar Bandaríkjanna getur þó tengst genum. Þeir sem aðhyllast Amish eru um 318 þúsund en þeir eru afkomendur 200 fjölskyldna sem fluttu til Bandaríkjanna um 1700. Þeir giftu sig innan Amish samfélagsins og þess vegna hafa sömu genin gengið mann fram af manni. Samkvæmt rannsókn sem gerð var nýlega við Northwestern University virðast genin í Amish samfélaginu gera fólkinu kleift að lifa að minnsta kosti 10% lengur en aðrir. Aðrir þættir eins og til dæmis lífsstíll virðist sömuleiðis hægja á öldrun. Til eru góð og slæm gen en Amish fólkið virðist hafa verið heppið þegar kemur að genunum, að því er greint er frá í Time.

> Því er haldið fram að Amish börn séu hamingjusamari en önnur börn. Þau eru alin upp við sterk fjölskyldubönd og mikið lagt upp úr fyrirgefningu.

Þeir sem eldast í Amish samfélaginu búa heima hjá ættingjum sem hugsa um þá. Talið er að það geri heilmikið fyrir heilsuna að vera í öryggi fjölskyldunnar þegar aldurinn færist yfir. Í daglegum hraða bandarísks samfélags er ekki mikill tími fyrir fólk til að sinna öldruðum foreldrum en því er öðruvísi farið hjá Amish fólkinu.



Það er margt forvitnilegt í samfélagi Amish fólksins.



Tíminn virðist standa í stað hjá Amish fólkinu enda neitar það sér um öll nútímaþægindi.

## Haldið í gamlar hefðir

Amish samfélagið er forvitnilegt á margan hátt. Það hefur ekkert breyst í gegnum aldirnar og mjög er haldið í gamlar hefðir. Klæðaburður er einfaldur, kvenfólkið klæðist ermalöngum kjólum með svuntu. Hárið má ekki klippa. Á höfði bera þær húfu, svarta ef þær eru einhleypar en hvíta séu þær giftar. Amish konur mega ekki ganga með skartgripi.

